

2019



Árs- og sjálfbærniskýrsla

Saman erum við hreyfiafl til góðra verka svo þú náir árangri





Efnisyfirlit

Svipmynd af Íslandsbanka	3
Ávörp	6
Ávarp stjórnarformanns Ávarp bankastjóra	
Efnahagságrip	13
Íslandsbanki sem hreyfiafl	17
með samvinnu erum við #1 í þjónustu	
Einstaklingar	
Viðskiptabanki	
Fyrirtæki og fjárfestar	
Íslandssjóðir hf.	
Stafrænir stórmeistarar	
Íslandsbanki sem fyrirmynd	30
með eldmóð og fagmennsku að leiðarljósi	
Stefna Íslandsbanka	
Hreyfiafl til góðra verka	
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	
Sjálfbærniuppgjör Íslandsbanka	
Stjórnarhættir	
Fjármál og fjármögnun	56



Svipmynd af Íslandsbanka



Petta er Íslandsbanki

 Saman erum við hreyfiafl til góðra verka svo þú náir árangri

Framtíðarsýn og gildi

Framtíðarsýn
Íslandsbanka er
að vera **#1 í þjónustu**



Bankinn

Starfsfólk
749
Heildarfjöldi
stöðugilda í lok árs

14 útibú



Markaðshlutdeild¹

32% einstaklingar

35% lítil og meðalstór
fyrirtæki

34% stór fyrirtæki
og fagfjárfestar

Sjálfbærni (UFS viðmið)

1,62 tCO₂í
kolefnislosun per starfsmann

1,14%
Launamunur kynjanna miðað
við sambærileg störf

67%
Hlutfall kvenna í formennsku
nefnda

Lykiltölur 2019

Arðsemi (ROE)² **6,6%**

Kostnaðarhlutfall **62,4%**

Eiginfjárlutfall **22,4%**

Eignir **ISK 1.199 ma. kr.**

Lánshæfi og vottanir

S&P Global Ratings **BBB+/A-2**
Neikvæðar horfur



Stafræn þróun á árinu 2019

97% snertinga við
viðskiptavini á stafrænu formi

Sameinað app Íslandsbanka

25 milljónir heimsóknna í appið

12 milljónir heimsóknna á nýjan vef

Stafræn stofnun viðskipta
fyrir einstaklinga

Sjálfvirkt greiðslumat

Einfölduð vegferð viðskiptavina

Grunnur lagður að opnu
bankaumhverfi

¹Þjónustukönnun Gallup „Hver er þinn aðal viðskiptabanki?“

²Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af CET1 16% eigin fé, leiðréttur fyrir áhættulausum vöxtum umfram eigið fé.

2019

Prófaðu að smella á táknin

Janúar

Nýr og notendavænn
vefur Íslandsbanka
fer í loftið

Íslandsbanki
fær Íslensku
ánægjuvogina,
sjötta árið í röð

Íslandsbanki kynnir
**nýja stafræna
viðskiptalausn**
„velkomin í
hópinn“

Febrúar

Íslandsbanki
býður upp á
**snertilausar
greiðslur með**
snjallúrum frá
Garmin og Fitbit

Mars

Aðalfundur bankans samþykkir að greiða **5,3 milljarða króna af hagnaði ársins í arð**

Júní

**Prettán námsmenn
hljóta námsstyrk frá
Íslandsbanka**

Bankinn gefur út
víkjandi **skuldabréf að
fjárhæð 500 milljónir
sænskra króna**

Apríl

Bankinn hlýtur
viðurkenningu sem
**fyrirmyndarfyrirtæki í
góðum stjórnarháttum**

Íslandsbanki gefur út
**skuldabréf fyrir 300
milljónir evra**

Íslandsbanki **hættir**
að gefa plastvörur
til barna og
unglinga og kynnir
Krakkabankann

Júlí

Viðskiptavinir Íslandsbanka geta notað **Apple Pay** við greiðslu á vörum og þjónustu

S&P Global Ratings
staðfestir lánshæfis-
mat Íslandsbanka í
BBB+/A-2

Maí

Greining Íslandsbanka
gefur út skýrslu um
íslenska ferðapjónustu

September

Þjóðhagsspá
Greiningar
Íslandsbanka er
gefin út

Hátt í 600 gestir
sækja fræðslufund
Íslandsbanka um
fjármál við starfslok
í Hörpu

Ágúst

Ný stafræn
húsnæðislánalausn er
kynnt til leiks

Fyrirtækjaráðgjöf **veitir**
Brimi ráðgjöf vegna
sölufélaga í Asíu

**Forstjórar 14 norrænna
stórfyrirtækja funda**
með forsætisráðherrum
Norðurlanda á Íslandi
og ræða loftslagsmál
og jafnrétti

Reykjavíkurmaraðon
Íslandsbanka fer fram.
Met sett í áheitasöfnun

Desember

Íslandsbanki
samþykkir **nýja**
sjálfbærnistefnu

Íslandsbanki
lýkur árinu með
**stærstu hlutdeild
heildarviðskipta í
Kauphöll Íslands**

Skýrsla Greiningar
Íslandsbanka um
íslenskan sjávarútveg
er gefin út

Nóvember

350 gestir sækja **fund**
Íslandsbanka um
jafnréttismál á Hilton
Reykjavík Nordica undir
yfirskriftinni „Svona
komst ég til áhrifa“

Íslandsbanki og
Íslandssjóðir halda
**fund um ábyrgar
fjárfestingar**

Íslandsbanki gefur út
almennt skuldabréf í
**íslenskum krónum að
nafnvirði 3,6 ma. kr.**

Nýtt app Íslandsbanka kemur út

Október

Íslandsbanki og
Reykjavík Economics
gefa út **skýrslu um
stöðu nýsköpunar**

Veittir eru **30,5 milljóna króna styrkir** úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka til níu verkefna

Greining
Íslandsbanka gefur
út **skýrslu um
íbúðamarkaðinn**

2020

4F



Ávörp





Ávarp stjórnarformanns

Íslenska hagkerfið hefur sýnt viðnámsþrótt

Árið 2019 einkenndist af varnarbaráttu fyrir íslenskt efnahagslíf eftir uppgangstíma undanfarinna ára. Segja má að ákveðinn varnarsigur hafi unnist í niðursveiflunni þar sem útlit er fyrir að ekki hafi orðið samdráttur í landsframleiðslu á árinu ólíkt því sem margir spáðu framan af ári, verðbólga hélst lítil og krónan stöðug. Ljóst er að viðnámsþróttur hagkerfisins er meiri en margir gerðu ráð fyrir. Það má ekki síst rekja til þess að almennt hefur verið haldið vel á spilunum í fyrirtækjarekstri og í ríkisfjármálum auk þess sem efnahagur heimila hefur haldist stöðugur.

Þörf á meiri fjárfestingu til að knýja áfram hagvöxt

Á Íslandi eru miklir framtíðarmöguleikar. Við getum verið stolt af þeirri virðissköpun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum tengdri orku, ferðaþjónustu, sjávarútvegi og nýsköpun. En betur má ef duga skal. Hægari vöxtur efnahagslífsins og blikur á lofti á alþjóðamörkuðum auka mikilvægi þess að hér þrífist fjölbreytt atvinnulíf sem byggir á nýsköpun og íslensku hugviti. Til þess að slíkt megi verða er nauðsynlegt að tryggja

að nægt fjármagn sé í boði fyrir arðsamar fjárfestingar.

Á undanförunum árum hafa lífeyrissjóðirnir nánast verið einu virku fjárfestarnir á fjármálamarkaði hér á landi. Í hvítbók ríkisstjórnarinnar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið er bent á að það sé nauðsynlegt að fá fleiri aðila að borðinu til að efla virkni fjármálamarkaða. Þar koma fram áhugaverðar tillögur um hvernig hægt sé að gera slíkt, t.a.m. með

Því að auka frelsi einstaklinga við ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar eins og þekkist víða erlendis. Mikilvægt er að stjórnvöld og atvinnulífið fylgi eftir þeim tillögum sem komu fram í hvítbókinni til að efla íslenskan fjármálamarkað.

Fjárfestingar er einnig þörf til að tryggja frekari uppbyggingu á innviðum samfélagsins. Þetta er síðast en ekki síst til að koma til móts við þá miklu fjölgun erlendra ferðamanna sem orðið hefur á undanförunum árum. Þó að staða ríkissjóðs sé góð er ekki æskilegt að ríkið standi eitt í því að fjármagna þau fjölmörgu innviðaverkefni sem þörf er á að ráðast í. Þar ber helst að nefna endurbætur á vegakerfi og flugvöllum og tryggja að allir landsmenn hafi greiðan og öruggan aðgang að rafmagni. Hér væri áhugavert að skoða frekari möguleika á tengingu á milli opinbers- og einkafjármagns líkt og gert var við gerð og rekstur Hvalfjarðarganganna á sínum tíma. Það hefur gefist ágætlega í nágrenni löndum okkar.

Endurreisn bankakerfisins og harðnandi samkeppni á fjármálamarkaði

Á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að ég tók við sem stjórnarformaður Íslandsbanka hefur orðið gríðarleg breyting á íslensku fjármálakerfi. Fyrir það fyrsta, er kerfið miklu minna en á árunum fyrir hrún enda er nánast

Fjárfestingar er einnig þörf til að tryggja frekari uppbyggingu á innviðum samfélagsins.

Öll starfsemi íslensku viðskiptabankanna á innanlandsmarkaði. Allri áhættu innan bankanna er mun betur stýrt og hefur samstarf við Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann verið með ágætum. Þetta samstarf hefur styrkt áhætturamma banks og treyst varnir hans gegn peningaþvætti svo eitthvað sé nefnt. Þá hefur töluvert verið fjárfest í stafrænni tækni innan banks á þessum tíma. Það hefur leitt af sér aukna sjálfvirkni og einfaldari ferla og þannig hjálpað til við að bæta reksturinn og auka öryggi.

Í annan stað hafa orðið miklar breytingar á samkeppnisumhverfinu með tilkomu fjártækni fyrirtækja og annarra markaðsaðila. Það er mikilvægt að bankarnir bregðist hratt við þessum breyttu ytri aðstæðum til að verða ekki undir í samkeppninni. Ekki má gleyma að ein af grunnforsendum þess að reksturinn gangi vel er að tryggja að viðskiptavinir og almenningur hafi trú og traust á bankanum og það hefur verið eitt

af höfuðmarkmiðum okkar á undanförunum árum.

Regluverk og skattlagning íþyngjandi fyrir íslenskar fjármálastofnanir

Það var jákvætt skref að Alþingi samþykkti á árinu 2019 lækkun á bankaskattinum í 0,145% á nokkrum árum. Það nægir þó engan veginn því að þrátt fyrir þetta verða skattar á íslenska banka enn um fimm sinnum hærri en í nágrenni löndum í stað sjö sinnum hærri líkt og þeir voru fyrir lækkunina. Í áðurnefndri hvítbók er einnig rætt um að fyrirhugaðar lagabreytingar og stofnun sérstaks skilaskjóðs sé tækifæri fyrir stjórnvöld til að endurskoða sértæka skatta og opinber gjöld á fjármálamarkaði heildstætt. Mikilvægt sé að horfa til framtíðar og leggja áherslu á eðlilega og sanngjarna álagningu sem ætlað er að byggja upp sjóði sem styrkja stóðir fjármálakerfisins og geta brugðist við áföllum í framtíðinni eins og Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta og skilaskjóði er ætlað að gera. Ekki er hyggilegt að auka við þær miklu álögur sem lagðar hafa verið á íslensku banka á undanförunum árum en þeir búa þar að auki við talsvert hærri eiginfjárfærslur en erlendir bankar. Allt þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á samkeppnisstöðu og arðsemi bankanna. Auk þess takmarkar það útlánavöxt verulega en það gengur þvert á tilraunir Seðlabankans

til að örva hagkerfið. Framangreindir þættir gætu líka haft neikvæð áhrif á mögulega sölu Íslandsbanka. Undanfarið hefur verið rætt um að hefja söluferli á bankanum. Það eru jákvæðar fréttir og yrði til mikilla hagsbóta fyrir landsmenn ef af yrði. Þar gætu til að mynda skapast tækifæri til frekari innviðafjárfestinga ríkissjóðs eða frekari niðurgreiðslu skulda ríkissjóðs svo eitthvað sé nefnt.


Aukin sjálfbærni er fjárfesting til framtíðar

Í lok árs 2019 samþykkti stjórn Íslandsbanka nýja sjálfbærnistefnu fyrir bankann. Það var mikilvægur áfangi. Stefnan leggur áherslu á samþættingu sjálfbærnisjónarmiða við starfsemi bankans og grunnstefnu hans til viðbótar við arðsemismarkmið og önnur fjárhagsleg markmið. Stefnan er sett fram til að mæta kröfum hagaðila um aðgerðir á sviði sjálfbærni og er í samræmi við eigendastefnu ríkisins. Með þessu vill bankinn verða leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu.

Íslandsbanki mun eiga frumkvæði að viðtæku samstarfi um ábyrga viðskiptahætti sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og um leið heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þrátt fyrir áskoranir í efnahagslífinu og

aukna samkeppni, getur Íslandsbanki verið bjartsýnn á framtíðarhorfur sínar. Ég er þess fullviss að öflugir stjórnendur og hæfileikaríkt starfsfólk bankans muni tryggja hag hans á næstu árum og að bankinn muni njóta góðs af fjárfestingum sínum í nýrri tækni, ábyrgri stefnu og góðri þjónustu við viðskiptavini.

Stjórnarháttayfirlýsing





Ávarp bankastjóra

Viðskiptavinurinn áfram í fyrsta sæti

Umhverfi banka er sífellt að þróast í nýjar áttir sem felur í sér spennandi tækifæri en jafnframt ógnir sem vert er að huga að. Við töldum því nauðsynlegt á árinu 2019 að endurmeta stefnu bankans til að sjá hvar við gætum gert betur og leggja línurnar fyrir framtíðina.

Lagt var í mikla vinnu á fyrri hluta ársins við að endurskoða stefnuna útfrá rekstri bankans. Við fengum til liðs við okkur alþjóðlega ráðgjafarfyritækið Boston Consulting Group, skipuðum vinnuhópa innan bankans, héldum fjölmargar vinnustofur og leituðum álits ytri aðila. Útkoman er ný stefna fyrir bankann sem kynnt var á stefnufundi með öllu starfsfólki á vormánuðum 2019.

Við skilgreindum nýtt hlutverk fyrir bankann sem „hreyfiafl til góðra verka“. Með þessu viljum við stuðla að ábyrgum, arðsömum og sjálfbærum rekstri og jafnframt hvetja viðskiptavinum okkar til góðra verka. Við völdum okkur þrjú ný gildi „eldmóður, fagmennska og samvinna“ og ákváðum að viðhalda sömu framtíðarsýn um að vera

„númer #1 í þjónustu.“ Þetta er að mínu mati það mikilvægasta sem við gerum, þ.e. að veita viðskiptavinum bestu þjónustuna hverju sinni. Við erum hins vegar meðvituð um að væntingar neytenda og skilgreining á góðri þjónustu hefur breyst hratt á undanförunum árum og því er náið samtal við viðskiptavinum okkar mikilvægara en nokkru sinni.

Áfram verður unnið að því að einfalda og auka skilvirkni í rekstri bankans en jafnframt að hugsa stórt og skapa þannig samkeppnisforskot til framtíðar. Skilgreind hafa verið verkefni til fimm ára sem munu styðja við þau markmið sem bankinn ætlar að ná fram með nýrri stefnu. Mikill árangur hefur nú þegar nást við innleiðingu

Við skilgreindum nýtt hlutverk fyrir bankann sem „hreyfiafl til góðra verka“

stefnunnar og framundan er frekari þróun á stafræna sviðinu sem við erum spennt að vinna í samstarfi við okkar viðskiptavini og samstarfsaðila.

Stafrænn stórmeistari í þjónustu við einstaklinga

Við höldum áfram að fjárfesta í upplýsingatækni á árinu 2019 til að gera bankann eins öruggan og samkeppnishæfan og mögulegt er. Við breyttum skipulagi á upplýsingatækni hjá bankanum úr því að vera verkefnadrifið í vörumiðað skipulag. Sett hafa verið í gang vöruteymi sem eru leidd af vörustjórum sem koma úr viðskiptaeiningum bankans. Með þessu móti tengjast viðskiptasviðin betur við stafrænu vörupróunina okkar sem er að verða sífellt mikilvægari fyrir reksturinn. Markmið okkar er að bjóða upp á einstaklingsmiðaða þjónustu í gegnum stafrænar lausnir með áherslu á meiri sjálfvirkni sem mun styðja við enn betri þjónustu og ná niður kostnaði.


Viðskiptavinirnir eru ánægðir með þessa þróun og nýttu sér stafrænar lausnir bankans í meira mæli en nokkru sinni áður á árinu. Nýja appið okkar hefur fengið frábærar viðtökur og hlökkum við til að kynna á næstunni nýjar stafrænar lausnir tengdar við sjálfvirk endurfjármögnunarferli á húsnaðislánum og stafræn verðbréfa-viðskipti svo eitthvað sé nefnt.

Sjálfbær þróun er fjárfesting til framtíðar

Óhætt er að segja að sjálfbærni hafi verið í sviðsljósinu á heimsvísu á árinu 2019. Við finnum fyrir áhuga hjá viðskiptavinum og fjárfestum á sjálfbærni og verandi eitt af stærri fyrirtækjum landsins þá gegnir bankinn mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Fjölmargar rannsóknir og greinar benda til þess að þau fyrirtæki sem tengja sjálfbærni við kjarnastarfsemi sína njóti margvíslegs ávinnings. Þetta kemur meðal annars fram í betri stýringu á áhættu, lækkun á kostnaði,

fjölbreyttu aðgengi að fjármagni, aukinni nýsköpun og styrkingu viðskiptasambanda. Einnig er líklegt að fyrirtækjum sem leggja áherslu á sjálfbærni gangi betur að laða að hæft starfsfólk og halda í það.

Þetta er ástæðan fyrir því að við höfum samþykkt framsýna sjálfbærnistefnu. Markmið okkar er að samþætta sjálfbærni-sjónarmið í starfsemi bankans við arðsemsmarkmið hans. Við munum styðjast við alþjóðleg viðmið um umhverfis- og félagslega þætti og stjórnarhætti í rekstri okkar og í ár birtum við í fyrsta skipti sameiginlega árs- og sjálfbæriskýrslu sem tekur mið af þessum þáttum. Við ætlum að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (SP) og samheldinn hópur starfsmanna valdi að leggja áherslu á fjögur þeirra: menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, nýsköpun og uppbyggingu, og aðgerðir í loftslagsmálum.



Innleiðing á sjálfbærni er langtímaverkefni hjá okkur í Íslandsbanka sem og annars staðar í viðskiptalífinu og samfélaginu. Við áskiljum okkur rétt til að hafa skoðanir á því hvernig hlutirnir eiga að vera en við gerum okkur jafnframt grein fyrir að við erum ekki fullkomin frekar en aðrir. En einhvers staðar þurfum við að byrja og við viljum eiga gott samtal og samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila okkar um þessi mál og vera þannig hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu.

Afkoma í samræmi við væntingar, lánasafn traust og farsæl fjármögnun

Breytingar á efnahagsmálum á fyrri hluta ársins sköpuðu krefjandi aðstæður og rekstrarumhverfi fyrir marga viðskiptavini bankans. Við erum þó glöð að sjá viðnámsþrótt efnahagskerfisins og jákvæðari hag-tölur fyrir árið 2019 en margir bjuggust við. Tekjur bankans jukust um 7,8% á árinu og annar rekstrarkostnaður fór lækkandi en líkt og á árinu 2018 hafði rekstur dótturfélaga neikvæð áhrif á afkomu samstæðunnar. Afkoma bankans á árinu 2019 var góð og skilaði samstæðan hagnaði upp á 8,5 milljarða króna. Það samsvarar 4,8% arðsemi eiginfjár sem er undir langtíma-arðsemismarkmiði. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 6,6%.

Vöxtur inn- og útlána á árinu var kröftugur eða um 6,8% og 6,3% og var hlutfall lána með laskað lánshæfi 2,4% í lok árs 2019, í takt við spár bankans. Aðstæður á fjármagnsmörkuðum, hér heima sem erlendis, voru bankanum hagfelldar á árinu og var fjármögnun bankans áfram farsæl og fjölbreytt. Íslandsbanki gaf m.a. út á árinu sitt þriðja vikjandi skuldabréf er telur til eiginfjárbáttar 2 og almennt skuldabréf í íslenskum krónum sem er fyrsta sinnar tegundar í útgáfu viðskiptabankanna þriggja. Lausa- og eiginfjárlutföll bankans héldust því áfram sterk og voru vel yfir innri viðmiðum og kröfum eftirlitsaðila.

Kröftugur rekstur og góður efnahagur, þar sem áhættu er vel stýrt, eru grunnþættir í afkomu bankans og mun Íslandsbanki, eftir sem áður, vera vel í stakk búinn til að styðja við vöxt og viðgang efnahagslífsins. Arðsemi og eiginfjárstaða bankans munu þó hafa áhrif á lánavöxt til framtíðar.

Mikil umsvif í fjárfestingabanka, frábært ávöxtunarár og virkur stuðningur við frumkvöðla

Á árinu 2019 hægði á hagvexti en við hjá Íslandsbanka erum þó ánægð með árangurinn á árinu. Við vorum stærst á markaðnum í miðlun verðbréfa, fyrirtækjaráðgjöfin átti

mjög sterkt ár og kláraði mörg góð verkefni og gjaldeyrismiðlun átti sitt besta ár frá árinu 2008. Eignir í stýringu jukust um fjórðung á árinu sem og eignir í vörslu. Auk þess áttu Íslandssjóðir mjög gott ár og voru sjóðir félagsins í fyrsta sæti í ávöxtun á landsvísi í þremur flokkum af fjórum.

Við studdum dyggilega við lítil og meðalstór fyrirtæki á sviði frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunar á árinu og gáfum út áhugaverða skýrslu með Reykjavík Economics þessu tengt. Við veittum styrki að fjárhæð 30,5 milljónir króna til níu spennandi frumkvöðla-verkefna sem öll styðja við heimsmarkmið SP með einum eða öðrum hætti og við hlökkum til að sjá þessi fyrirtæki vaxa og gera góða hluti í framtíðinni.

Þakklæti til starfsfólks og viðskiptavina

Ég er þakklát starfsfólki bankans sem af fagmennsku sinni leggur sig í hvívetna fram af miklum eldmóð um að veita afburða þjónustu fyrir viðskiptavini Íslandsbanka. Framundan eru spennandi en krefjandi tímar og við hlökkum til að vinna áfram að nýju stefnunni í samvinnu við viðskiptavini og samstarfsaðila okkar.



Efnahagságrip




Efnahagságrip

Eftir gjöfult hagvaxtarskeið er hafinn aðlögunartími í íslensku hagkerfi

Góðu heilli eru fjölmargar stoðir íslenska hagkerfisins býsna sterkar um þessar mundir og er útlit fyrir að aðlögunin verði fremur léttbær og lífskjör þorra landsmanna haldi áfram að vera eins og best gerist meðal landa heims.

Verg landsframleiðsla og framlag undirliða
Magnbreyting frá fyrra ári (%)




2019: Vaxtarskeiði lýkur

Óhætt er að segja að undanfarinn áratugur hafi verið gjöfull tími í íslenskum efnahag. Eftir alvarleg áföll í lok fyrsta áratugar aldarinnar eru lífskjör á flesta mælikvarða orðin jafngóð eða betri en þau voru fyrir áföllin. Helsta skýring þessa er að þriðja auðlindin, þ.e. sérstaða Íslands og íslenskrar náttúru, bættist við fiskimiðin og endurnýjanlega orku sem meginundirstaða útflutningstekna. Auk þess tókst farsællega til við úrlausn mála tengdum bankahruninu og árangursrík hagstjórn hefur einnig lagt lóð á vogarskálarnar.

Bakslag í ferðaþjónustu á fyrri helmingi síðasta árs varð hins vegar til þess að þátta-skil urðu í hagkerfinu og tími aðlögunar hófst eftir mikið vaxtarskeið. Útlit er fyrir að hagvöxtur hafi verið 0,3% á árinu 2019 í heild. Snarpur samdráttur í fjármunamyndun atvinnuvega og þjónustuútflutningi hefur þar vegist á við vöxt neyslu og mikinn samdrátt innflutnings.

Raungengi íslensku krónunnar og viðskiptajöfnuður
Vísitala og hlutfall af VLF



Utanríkisviðskipti áfram hagfelld

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var umtalsverður í fyrra þrátt fyrir fækkun ferðamanna og loðnubrest. Vöruskiptahalli á nýliðnu ári var raunar sá minnsti frá árinu 2015, bæði vegna verulegs samdráttar í innflutningi og jákvæðari þróunar útflutnings en vænst var. Að sama skapi var þróun þjónustuviðskipta hagfelldari en búist var við. Þrátt fyrir þung högg á útflutningsgreinar árið 2019 lítur út fyrir að viðskiptaafgangur hafi verið með myndarlegri móti það ár og numið ríflega 4% af VLF.

Fjárfesting lét nokkuð undan síga á árinu 2019 eftir samfelldan vöxt fimm árin á undan.

Vöxtur íbúðafjárfestingar var þó kraftmikill en samdráttur í fjárfestingu atvinnuvega og hins opinbera vó þyngra. Myndarlegur vöxtur íbúðafjárfestingar hefur orðið til þess að auka framboð nýrra íbúða jafnt og þétt og færa fasteignamarkaðinn í betra jafnvægi. Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði á árinu 2019 um 2,3% og er það hægasta hækkun frá árinu 2011.

Á síðasta ári varð talsverður viðsnúningur á vinnumarkaði. Atvinnuleysi jókst um u.þ.b. prósentu af vinnuafl og hækkun launa var sú hóflegasta frá árinu 2010. Gjaldþrot WOW Air og samdráttur í ferðaþjónustu skýra þessa þróun að stórum hluta ásamt

hagræðingu í bankakerfinu og víðar. Hægari hækkun raunlauna og vaxandi atvinnuleysi eru meðal helstu skýringa á fremur hægum vexti einkaneyslu á síðasta ári.


Krónan var stöðug og verðbólga hjaðnaði

Eftir 9% gengislækkun krónu á seinni helmingi ársins 2018 var gengi krónu á síðasta ári stöðugur á ýmsa mælikvarða en nokkurt annað ár frá því gengi krónu var látið fljóta í byrjun aldarinnar. Svíptingar í efnahagslífinu höfðu þannig mjög takmörkuð áhrif á gengisþróunina í fyrra. Þá hjaðnaði verðbólga umtalsvert á árinu. Í árslok mældist verðbólga 2,0% og hafði þá ekki verið minni í tvö ár. Á árinu 2019 voru stýrivextir Seðlabankans lækkaðir um 1,5 prósentur eftir því sem verðbólguhorfur bötnuðu og dró úr spennu í efnahagslífinu. Hafa stýrivextir ekki verið lægri frá því verðbólgu markmið var tekið upp á vordögum árið 2001.

Frekari aðlögun framundan á árinu 2020

Á yfirstandandi ári er útlit fyrir fremur hægum hagvöxt, eða 1,4%. Verður vöxturinn drifinn af hóflegri aukningu innlendrar eftirspurnar en útlit er fyrir mjög hægum útflutningsvöxt. Þrátt fyrir þessa þróun eru góðar líkur á að áfram verði talsverður afgangur af utanríkisviðskiptum.

Verðbólga eftir uppruna (%)



Heimild: Hagstofa Íslands

Horfur eru á að fjárfesting taki við sér að nýju á þessu ári og munar þar mestu um vöxt atvinnuvegafjárfestingar eftir tvö samdráttarár. Þá er útlit fyrir að fjárfesting hins opinbera taki einnig við sér í ár en að á móti hægi verulega á vexti íbúðafjárfestingar. Þá lítur út fyrir að íbúðaverð hækki í stórum dráttum í takti við almenna hækkun verðlags.

Þrátt fyrir að undirritun lífsskjarasamningsins hafi verið í heild sinni jákvæð er enn nokkur óvissa á vinnumarkaði. Ásamt vaxandi atvinnuleysi verður þetta til þess að heimilin munu halda að sér höndum í ár og vöxtur einkaneyslu verður áfram hægur. Svo virðist sem núverandi gengi krónu sé innan þess raungengisbils sem samræmist innra og


ytra jafnvægi í hagkerfinu. Góðar líkur eru á því að gengi krónu verði áfram á svipuðum slóðum og verið hefur undanfarið ár, að því gefnu að ekki verði óvæntar og umtalsverðar

breytingar á helstu áhrifaþáttum.

Horfur eru á að verðbólga muni halda undir markmiði Seðlabankans á þessu ári, og mælast að meðaltali um 2,2%.

Hófleg verðbólga og minnkandi spenna í efnahagslífinu mun væntanlega leiða til lágs grunnvaxtastigs á árinu 2020 og lítur út fyrir langtímavextir muni verða lægri að meðaltali á þessu ári en þeir hafa verið síðan vextir voru gefnir frjálssir fyrir rúmum 30 árum.

Þótt árið 2020 verði að mörgu leyti krefjandi ár í efnahagslegu tilliti eru fjölmargar stoðir íslenska hagkerfisins býsna sterkar um þessar mundir. Batnandi skuldastaða heimila, fyrirtækja og hins opinbera hefur þar skipt miklu. Útlit er því fyrir að aðlögunin verði flestum tiltölulega léttbær eftir mikið vaxtarskeið undanfarinn áratug.

Skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera
% af VLF


Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands



Íslandsbanki sem hreyfiafl

með samvinnu erum við #1 í þjónustu





Persónuleg stafræn bankapjónusta

“Á árinu 2019 sáum við mikla aukningu í notkun á stafrænum lausnum bankans en við höfum í samvinnu við viðskiptavinum hannað lausnir sem nýtast í daglegri bankapjónustu. Nýtt app og húsnæðislausn hafa fengið frábærar móttökur, auk þess að stuðla að sjálfbærari rekstri og betri þjónustu. Vegferðin heldur áfram á nýju ári en innan skamms geta viðskiptavinir endurfjármagnað stafrænt og skráð sig í verðbréfa-viðskipti með einföldum hætti. Á árinu lögðum við mikla áherslu á upplifun barna í útibúum og hættum að gefa plastgjafir sem er í samræmi við heimsmarkmiðin. Við erum spennt fyrir nýju ári þar sem við munum halda áfram að veita bæði persónulega og stafræna þjónustu samstíga okkar viðskiptavinum.”

Sigríður Hrefna Hrafnskeldóttir
Framkvæmdastjóri Einstaklinga

Sterk markaðshlutdeild



32%
einstaklingar

31%
innlán

Fjárhagur

7,1% Arðsemi eiginfjár

37% Hlutfall útlána

47% Hlutfall innlána

Einstaklingar

Einstaklingssvið veitir viðskiptavinum alhliða fjármálaþjónustu með sérstaka áherslu á stafrænar dreifileiðir

Viðskiptavinir Íslandsbanka geta nálgast þjónustu bankans í gegnum fjölmargar dreifileiðir; appið, netbankann, útibú, ráðgjafaver, hraðbanka, tölvupóst og öruggt netspjall. Boðið er upp á sparnað, útlán, innlán, greiðslulausnir, ráðgjöf, gjaldeyrisviðskipti og fleira. Íslandsbanki hefur á árinu 2019 stigið stór skref í átt að enn hærra stafrænu þjónustustigi með nýjum dreifileiðum, einföldun á vöruframboði og sjálfvirknivæðingu ferla sem einfalda viðskiptavinum Íslandsbanka lífið. Nýtt app var gefið út í lok árs 2019 þar sem einstaklingar geta nálgast stöðu og hreyfingar á reikningum, lánum, kortum, rafræn skjöl og nýtt sér fjölmargar þjónustur sem í boði eru.



1 af hverjum 2 viðskiptavinum hefur opnað Íslandsbankaappið sl. 90 daga



Um **5.000 manns sóttu 78 fræðslufundi og erindi** um íbúðakaup, íbúðalán, sparnað og fjármál



41% markaðshlutdeild á kortamarkaði



84% aukning varð á millifærslum framkvæmdum í appi



56% heimildabreytinga framkvæmdar í appinu



Heimsóknir í útibú **drógust saman um 20%** á árinu



Skipulag

Útlán

Býður upp á fjölbreytt lánaúrval fyrir viðskiptavinum, allt frá yfirdráttarlánum til húsnæðislána og greiðslumat er að fullu stafrænt og sjálfvirk. Einnig er mögulegt að fá lán allt að 2 milljónum króna afgreitt á örfáum mínútum í appi Íslandsbanka

Sparnaður

Býður upp á sparnaðarleiðir sem henta ólíkum þörfum viðskiptavina, þ.m.t. séreigna-sparnað og sjóði. Nú geta viðskiptavinir stofnað sparnaðarreikninga í appinu, sniðna að þeirra sparnaðarþörfum meðal annars nýjan stafrænan reikning með góðum kjörum. Nýr stafrænn reikningur

bankans, Ávöxtun, býður upp á ein bestu ávöxtunarkjör á markaði í dag.

Greiðslulausnir

Býður upp á einfaldar og skilvirkar greiðslulausnir sem eru í fremstu röð á greiðslumarkaði. Viðskiptavinir Íslandsbanka geta nú sótt alla þjónustu sem tengist kortum í gegnum stafrænar dreifileiðir sem gerir þjónustuna að einföldum og sjálfsögðum hluta af daglegu lífi. Á árinu 2019 varð Íslandsbanki fyrsti bankinn til að bjóða upp á greiðslur bæði í gegnum snjallsíma og snjallúr eins og Android, Apple, Garmin og Fitbit.

Íslandsbanki númer eitt í þjónustu – líka stafrænt!

Viðskiptavinir Íslandsbanka velja í síauknum mæli að nýta sér stafrænar lausnir í sinni bankaþjónustu en 99% af öllum snertingum við viðskiptavinum eiga sér stað í gegnum stafrænar dreifileiðir, þar af um 80% í gegnum appið. Íslandsbanki býður upp á þjónustu og sölu í öllum helstu vöruflokkum í gegnum stafrænar dreifileiðir. Sala á vörum í gegnum stafrænar dreifileiðir jókst um 30% á árinu með tilkomu nýrra lausna eins og **Velkomin í hópin**.

Greiðslumatsferlið, þar sem svar berst á innan við þremur mínútum, er nú að fullu stafrænt og hefur aukning í umsóknum verið um 30%. Allt að þeir óskyldir aðilar geta farið saman í greiðslumat og sótt um húsnæðislán í framhaldinu. Umsóknin er nú að fullu sjálfvirk allt frá því að viðskiptavinur velur sér fasteign, stillir upp láni og sendir inn umsókn. Með þessum breytingum hefur bankinn aukið þjónustu sína við viðskiptavinum sem kjósa í auknum mæli að afgreiða sig sjálfir með því að stytta biðtíma og auka upplýsingaflæði.



Nýsköpun er lykillinn að frekari framþróun efnahagslífsins

„Það er ánægjulegt að enn eitt árið er Íslandsbanki að mælast hæstur í Fyrirtækjavagni Gallup. Við erum afgerandi þegar kemur að þjónustu og ráðgjöf, mælumst með hæstu meðmæla-vísitöluna (NPS) og erum í forystu þegar spurt er um hver sé í fararbroddi á fyrirtækjamarkaði. Vöxtur útlána var vel viðunandi á árinu þrátt fyrir ýmsar áskoranir í efnahagslífinu, sem einkenndist af áföllum í ferðaþjónustu, samdrætti í bílasölu og óvissu á kjara-viðræðum. Væntingavísitala fyrirtækja var í samræmi við þetta fyrri part árs en eftir því sem leið á árið fundum við fyrir meiri þrótti og bjartsýni. Með frumkvöðlastarfi og nýsköpun eru lítil og meðalstór fyrirtæki drifkraftur sköpunar og um leið nýrra starfa og nýrra tækifæra. Frumkvöðlastarfi og nýsköpun er því lykillinn að frekari framþróun í efnahagslífinu sem við ætlum að styðja við með góðri, persónulegri og stafrænni þjónustu í hraðvaxandi samkeppnisumhverfi á fjármálamarkaði.“

Una Steinsdóttir

Framkvæmdastjóri Viðskiptabanka

Sterk markaðshlutdeild



41%

höfuðborgarsvæðið

35%

landið allt

Fjárhagur

7,8% Arðsemi eiginfjár

26% Hlutfall útlána

27% Hlutfall innlána

Viðskiptabanki

Viðskiptabanki veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum alhliða fjármálaþjónustu í útibúaneti Íslandsbanka auk þess sem Ergo, fjármögnunarþjónusta bankans, er hluti af sviðinu

Bankinn þjónar vaxandi hópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi í þeirra nærumhverfi og hefur byggt upp traust viðskiptasambönd. Hvert útibú hefur á að skipa starfsfólki með yfirgripsmikla sérþekkingu og reynslu. Íslandsbanki er þar af leiðandi í góðri stöðu til að bjóða viðskiptavinum sínum góða þjónustu sem er í samræmi við stefnu bankans um að vera #1 í þjónustu.



Veittir voru styrkir til **nú verkefna** úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka alls **30,5 milljónir króna**



Árlega heimsækjum við **3.000 lítil og meðalstór fyrirtæki** og hringjum í **7.000 viðskiptavinum**



Um **40% heildarútlána** eru á landsbyggðinni



Viðskiptabanki þjónustar **50% Framúrskarandi fyrirtækja** á Íslandi (skv. lista Creditinfo)



98% aðgerða framkvæmdar í netbanka



41% hlutdeild í fjármögnun á seldum vinnuvélum



Skipulag

Útibú

Íslandsbanki rekur 14 útibú, 5 á höfuðborgarsvæðinu og 9 víðsvegar um landið. Útibúið bjóða sjálfsafgreiðslulausnir jafnt sem skilvirka ráðgjöf sem skilar sér í betra aðgengi og þjónustu við viðskiptavini. Á árinu var útibúið á Höfðabakka breytt í afgreiðsluútibú með áherslu á sjálfsafgreiðslu og ráðgjöf í stafrænum dreifileiðum.

Samtal við viðskiptavini

Íslandsbanki stendur fyrir fræðslufundum um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja þar sem fjölda viðskiptavina hefur verið boðið. Áhersla hefur verið lögð á samtal um áskoranir í íslensku efnahagslífi og þjóðhagsspa Íslandsbanka kynnt. Mikil ánægja hefur verið með fundina og þeir vel sóttir. Í Reynsclubbanka Íslandsbanka eru birt

viðtöl á samfélagsmiðlum við frumkvöðla sem hafa náð árangri í rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Á hverju ári kappkosta starfsmenn fyrirtækjaþjónustu að sækja viðskiptavini heim með þjónustuheimsóknum og símtölum.

Ergo

Ergo er hluti af Viðskiptabanka og sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja og atvinnuhúsnæðis fyrir rekstraraðila og fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga. Með yfir 35 ára reynslu á eignaleigumarkaði kappkostar Ergo að aðgreina sig frá keppinautum með því að veita góða og skjóta þjónustu með þarfir viðskiptavina í fyrirrúmi.

Ergo

Frumkvöðlar og nýsköpun

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru burðarásinn í íslensku atvinnulífi. Þau tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika og eru mikilvæg þegar kemur að fjárfestingu, nýjungum og uppfinningum.

Á árinu gaf Íslandsbanki út **skýrslu** í samstarfi við Reykjavík Economics undir yfyrskriftinni Fjórða stoð hagkerfisins þar sem málefni frumkvöðla og nýsköpunar voru í forgrunni. Framþróun grundvallast á því að styrkum stoðum sé rennt undir nýsköpunarumhverfið og að við styðjum og fjölgum þeim frumkvöðlum sem leggja tíma sinn og hugvit að veði í þeim tilgangi að skapa betra samfélag og stuðla að framförum.



Traustur bakhjarl

„Fyrirtæki og fjárfestar leggja áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og sinna öllum þörfum viðskiptavina á einum stað. Á tímum þar sem útlánavexti eru frekari skorður settar en áður er aldrei mikilvægt að standa með sínum viðskiptavinum. Við finnum fyrir aukinni áherslu á sjálfbærni og umhverfis- og samfélagsmál meðal viðskiptavina okkar og hlökkum til að taka næstu skref með þeim á þessu sviði.

Traust langtímasambönd við góða viðskiptavini eru forsenda fyrir arðsömum rekstri til framtíðar.“

Ásmundur Tryggvason
Framkvæmdastjóri Fyrirtækja og fjárfesta

Sterk markaðshlutdeild



34%

300 stærstu fyrirtæki landsins

Fjárhagur

6,1% Arðsemi eiginfjár

37% Hlutfall útlána

18% Hlutfall innlána

Fyrirtæki og fjárfestar


Fyrirtæki og fjárfestar bjóða alhliða fjármála- og fjárfestinga- bankapjónustu til stærri fyrirtækja, lífeyrissjóða, sveitarfélaga, verðbréfasjóða, fjárfesta og efnameiri einstaklinga

Sviðið hefur á að skipa sérfræðingum með áratuga reynslu af fjármála- starfsemi svo sem verðbréfa- og gjaldeyrisviðskiptum, fjárfestingarráðgjöf, fyrirtækjaráðgjöf og lánveitingum. Mikil áhersla er lögð á að þekkja viðskiptavinum og býr starfsfólk sviðsins yfir sérþekkingu á öllum helstu geirum atvinnulífsins. Íslandsbanki hefur mótað sér skýra stefnu varðandi lánveitingar utan Íslands og heyrir hún undir Fyrirtæki og fjárfesta. Einna helst er horft til sjávarútvegs í Norður-Atlantshafi.

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu af flóknum og umfangsmiklum verkefnum og hefur teymið á síðustu árum leitt mörg af stærri umbreytingarverkefnum í íslensku

atvinnulífi. Áhersla er lögð á stuttar boðleiðir og samvinnu þvert á starfseiningar sviðsins til að koma sem best til móts við þarfir viðskiptavina okkar.

Próun lánasafns FF



Íslandsbanki átti **mestu viðskiptin í Kauphöllinni** á árinu. Af heildarviðskiptum þvert á eignarflokka var Íslandsbanki með **18,3% hlutdeild**



Skipulag

Fyrirtæki

Stýra viðskiptasamböndum við stærri fyrirtæki og stofnanir. Fyrirtæki eru ábyrg fyrir allri þjónustu bankans við þessa viðskiptavini og þjónusta allar greinar íslensks atvinnulífs með sérþekkingu á sjávarútvegi, mannvirkjum og ferðaþjónustu.

Eignastýring

Skiptist í tvær einingar – einkabanka og fagfjárfesta. Einkabankapjónusta Íslandsbanka býður upp á eignastýringu og ráðgjöf fyrir eignameiri einstaklinga, fjárfestingafélög, sjóði og góðgerðarfélög. Fagfjárfestar stýra viðskiptasamböndum við stærri fjárfesta og eru ábyrg fyrir allri þjónustu bankans við þessa viðskiptavini.

Miðlun og afleiðuborð

Miðlun samanstendur af hluta- og skulda- bréfamiðlun auk gjaldeyris- og afleiðu- viðskipta, svo sem framvirkra samninga með gjaldeyri, vaxtaskiptasamninga og framvirkra samninga á bæði innlendum og erlendum hluta- og skuldabréfamörkuðum.

Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga við kaup og sölu á fyrirtækjum, yfirtökur og samruna og aðrar eignarhalds- tengdar breytingar auk þess að veita ráðgjöf í tengslum við útboð og töku verðbréfa til viðskipta. Íslandsbanki er viðurkenndur ráðgjafi (e. Certified Advisor) á First North markaðnum og aðstoðar félög við skráningarferlið.

Reksturinn

Fyrirtæki og fjárfestar náðu góðum árangri árið 2019. Gjaldеyrismiðlun átti sitt besta ár frá upphafi og bankinn styrkti stöðu sína í hlutabréfamiðlun. Eignastýring átti jafnframt mjög gott ár þar sem eignir í stýringu jukust um fjórðung sem og eignir í vörslu.

Vöxtur í lánasafninu var vel dreifður í mismunandi atvinnugreinum og námu ný útlán 59 milljörðum króna. Bankinn er með sterka stöðu í sambankalánnum og stýrði á árinu stækkun á stærsta sambankaláni í sögu íslensks sjávarútvegs. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka er sem fyrr leiðandi á markaðnum og lauk 33 verkefnum á árinu 2019. Meðal verkefna voru aðstoð við kaup Brims á sölufélögum í Asíu; umsjón með lokuðu hlutafjárútboði í Icelandair Group til PAR Capital og umsjón með stækkun skuldabréfaflokka Eikar fasteignafélags.



Ábyrgð skilar góðri ávöxtun

**Sterk
markaðshlutdeild
á sjóðamarkaði**



33,1%

„Íslandssjóðir innleiddu á árinu 2019 nýja stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Á meðan meginmarkmið okkar er að tryggja viðskiptavinum góða langtímaávöxtun, vitum við að umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir hafa áhrif á velgengni fyrirtækja og þar með einnig áhættu og ávöxtun af fjárfestingum.

Starfsfólkið okkar notar nú aðferðir ábyrgra fjárfestinga í allri eignastýringu, og erum við á þessu sviði meðal annars í samstarfi við norska eignastýringarfyrirtækið Storebrand, sem hefur stundað ábyrgar fjárfestingar í yfir aldarfjórðung“.

Kjartan Smári Höskuldsson
Framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf.

Íslandssjóðir

Íslandssjóðir hf. er elsta eignastýringarfyrirtæki landsins, stofnað árið 1994 og er dótturfélag Íslandsbanka

Félagið stýrir 23 verðbréfa- og fjárfestingasjóðum, þremur fagfjárfestingasjóðum og þjónustar auk þess fjárfestingarfélög sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og fasteignum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 300 milljörðum króna og yfir tíu þúsund sparifjáreigendur og fjárfestar velja að ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins. Íslandssjóðir eru leiðandi í rekstri skuldabréfasjóða á Íslandi bæði þegar horft er til fjölda sjóða og eigna í stýringu. Íslandssjóðir hafa auk þess sérhæft sig í fasteignaverkefnum og framtakssjóðum og rekur félagið nú tvo sjóði í hvorum eignaflokki. Íslandssjóðir hafa árlega frá árinu 2013 hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti.



Allir verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða skiluðu jákvæðri ávöxtun á árinu.

Neðangreindir þrír sjóðir voru hæstir í sínum flokkum.

Hæsta ávöxtun skuldabréfasjóðs

IS Ríkisskuldabréf óverðtryggt

Árleg nafnávöxtun m.v. 31. des 2019

1 ár	13,2%
2 ár	7,2%
3 ár	6,2%
4 ár	6,7%
5 ár	6,6%
Frá stofnun	7,8%

Hæsta ávöxtun innlands hlutabréfasjóðs

IS EQUUS Hlutabréf

Árleg nafnávöxtun m.v. 31. des 2019

1 ár	24,3%
2 ár	7,4%
Frá stofnun	5,4%

Hæsta ávöxtun blandaðra sjóða

IS Einkasafn Erlent (ISK)

Árleg nafnávöxtun m.v. 31. des 2019

1 ár	26,4%
2 ár	12,0%
3 ár	11,5%
Frá stofnun	11,5%



Skipulag

Innan Íslandssjóða starfa þrjár viðskipta-einingar; sjóðastýring, eignastýring og sérhæfðar fjárfestingar. Einnig er öflug áhættustýring starfrækt innan félagsins, auk viðskiptaþróunar, lögmanns og framkvæmdastjóra.

Sjóðastýring

Sjóðstjórar Íslandssjóða stýra sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum. Sjóðir eru hagkvæm og góð leið fyrir sparifjáreigendur sem vilja ávaxta sitt fé í safni verðbréfa og dreifa þannig áhættu.

Eignastýring

Öflugt eignastýringarteymi Íslandssjóða stýrir eignum fyrir hönd þeirra viðskiptavina sem gert hafa eignastýringarsamning við Íslandsbanka, hvort sem um ræðir einstaklinga, opinbera aðila eða fagfjárfesta.

Sérhæfðar fjárfestingar

Íslandssjóðir hafa frá árinu 2012 byggt upp mikla reynslu á sviði fasteignafjárfestinga og fasteignaðróunar auk framtaksfjárfestinga. Í teyminu starfa sjö reyndir sérfræðingar sem stýra fagfjárfestasjóðum og fjárfestingum í gegnum sérhæfð fjárfestingarfélög. Auk þess er innan Íslandssjóða starfræktur sérhæfður fagfjárfestasjóður sem fjárfestir í hrávörum, auk fagfjárfestasjóðsins Alpha sem stundar stöðutöku á innlendum hlutabréfamarkaði.

IS Græn skuldabréf

IS Græn skuldabréf er enn sem komið er eini sjóðurinn á Íslandi sem leggur áherslu á umhverfismál í fjárfestingastefnu sinni. Fjárfestir sjóðurinn í skuldabréfum sem er ætlað að hafa jákvæð áhrif á umhverfi okkar og samfélag án þess þó að gefa afslátt af arðsemissjónarmiðum.



Einstaklingsmiðuð upplýsingatækni á öruggum grunni

„Tækifærin í upplýsingatækni banka felast ekki eingöngu í að sjálfvirknivæða hefðbundna ferla og vörur heldur ennfremur að geta boðið einstaklingsmiðaða þjónustu og tilboð byggð á vilja, þörfum og hegðun viðskiptavina. Gögn og gagnaleynd leika lykilhlutverk í að ná þeim markmiðum. Með það í huga höfum við skipulagt upplýsingatæknisvið sem einblínir á að byggja upp sveigjanlegar lausnir með viðskiptavininn í forgrunni. Þar nýtum við meðal annars skýjalausnir og samstarfsaðila innan öruggs umhverfis. Íslandsbanki hefur fjárfest í nýjustu öryggistækni til að tryggja að við getum átt gott samstarf við fjártæknifyrirtæki í bankakerfi framtíðar án þess að bregðast trausti viðskiptavina okkar.“

Riaan Dreyer

Framkvæmdastjóri Upplýsingatækni

Stafrænir viðskiptavinir

98%

millifærslna stafrænar

99%

reikninga greiddir
stafrænt

57%

nýrra reikninga stofnaðir
í gegnum **Velkomin** í
hópin lausnina

Stafrænir stórmeistarar


Ein af niðurstöðum stefnumótunarvinnu sem unnin var í upphafi árs 2019 var að endurskoða þyrfti skipulag og rekstur upplýsingatækni hjá Íslandsbanka

Tilgangurinn var að efla afköst og nýsköpun og þar með viðhalda samkeppnishæfni bankans. Í þessa endurskoðun var fenginn ráðgjafi sem áður starfaði hjá Google til að rýna í núverandi starfshætti og koma með tillögu að nýjum. Í kjölfar þeirrar vinnu var ákveðið að færa starfsskipulag upplýsingatækninnar úr því að vera verkefnadrifin í vörudrifið skipulag. Í því felst að sett hafa verið upp vöruteymi sem eru leidd af vörustjórum sem koma úr viðskiptaeiningum. Með þessu fæst að viðskiptaeiningarnar koma í meiri mæli að því að setja markmið og stefnu hvers vöruteymis ásamt því að taka þátt í þróun á hverri vöru.

Kostir þessa fyrirkomulags eru að fókusinn í upplýsingatækni beinist enn frekar að viðskiptavinum. Bilið milli viðskiptaeininga og upplýsingatækni minnkar og vöruteymin hafa meiri fókus á sínar vörur.

Stefnumótun, hönnun, þróun og rekstur hvernar vöru er hluti af sama teymi sem einfaldar samskipti, bætir gæði vörunnar og gerir þær sjálfbærari í rekstri.


Fjöldi heimsóknna (í milljónum)



Stafrænir innviðir fyrir framtíðina

Á árinu 2019 lauk Íslandsbanki við nokkur stór verkefni í uppbyggingu innviða sem styðja við framtak bankans í að þróa og afhenda stafrænar lausnir. Við höfum lagt áherslu á að byggja upp grunn sem styður við frekari þróun í opnu bankaumhverfi en tekur tillit til þeirra krafna og staðla sem starfsemin þarf að uppfylla.

Þær lausnir sem við höfum þróað eru byggðar á bestu fáanlegu tækni í auðkenningu einstaklinga og gervigreind nýtt til að fylgjast með frammistöðu lausna í umhverfi sem er hýst bæði í skýi og innan-húss. Með skýjalausnum og sjálfvirkum lífsferli hugbúnaðarþróunar er bankinn vel í stakk búinn fyrir samkeppnisumhverfi stafrænna bankalausna þegar það umhverfi opnast og stafrænt vistkerfi þróast með og umfram bankastarfsemi.



Stórir stafrænir áfangar

Á árinu 2019 lauk bankinn vel á fjórða tug verkefna í upplýsinga-
tækni sem skiptust á milli endurbóta í rekstri, kerfisbreytinga
þ.m.t. vegna nýrra laga og nýsköpunar í stafrænum lausnum.
Einnig hófst vinna við nýtingu vélmennatækninnar til að
sjálfvirknivæða verkferla

Snertilausar greiðslur með Garmin og Fitbit úrum

Snertilausar greiðslur með Garmin og Fitbit úrum urðu mögulegar í upphafi árs 2019. Þessi lausn gerir viðskiptavinum mögulegt að greiða með úrinu í stað þess að nota hefðbundið greiðslukort. Notandinn stillir upp kreditkortinu í appinu fyrir úrið.


Lausnin er óháð stýrikerfi síma og bæði notendur Android og iPhone geta nýtt sér hana. Með þessu veitir Íslandsbanki viðskiptavinum sínum betri þjónustu og bætt öryggi fyrir viðskiptavinum þar sem pin númer er ekki slegið inn á posa auk þess sem sýndarkortanúmer er notað við færsluna.

Lán í appi

Í febrúar fór Lán í appi í loftið þar sem einstaklingar með íslenska kennitölu, eldri en 18 ára geta sótt um allt að 2 milljóna króna lán í gegnum app Íslandsbanka. Niðurstaða lánaákvörðunar fæst strax og lánið er greitt inn á reikning viðskiptavinar í lok ferlis. Viðskiptavinir geta hvenær sem er greitt lánið upp eða greitt inn á það. Vextir eru breytilegir eftir lánshæfi viðskiptavinar.

Lánaákvörðun byggir m.a. á gögnum bankans, lánshæfismatsgögnum frá Creditinfo og launagögnum frá ríkisskattstjóra. Öll lánaskjöl í ferlinu eru undirrituð rafrænt og vistast sjálfkrafa. Einnig stofnast lánið sjálfkrafa í kerfum bankans.





Greiðslumat og húsnæðislánaumsókn

Í júlí kynnti Íslandsbanki nýja lausn fyrir sjálfvirkni greiðslumat þar sem allt að þrír óskyldir einstaklingar geta farið saman í greiðslumat og sótt um húsnæðislán í framhaldinu. Niðurstaða greiðslumats fæst strax og viðskiptavinir geta fengið upplýsingar um hversu dýra eign þeir geta keypt, byggt á raungögnum.

Áhersla var lögð á að veita viðskiptavinum aðgengilegar upplýsingar um alla lánaðakosti sem í boði eru áður en ákvörðun um lána-samsetningu er tekin. Viðskiptavinir geta jafnframt sótt um endurfjármögnun eða nýtt húsnæðislán á nokkrum mínútum í ferlinu.

Öll nauðsynleg gögn fyrir undirliggjandi greiðslumat eru sótt með sjálfvirkum hætti. Umsækjendur auðkenna sig og skrifa undir umboð til að óska eftir fjárhagslegum upplýsingum með rafrænum skilríkjum. Það heimilar bankanum að sækja nauðsynlegar upplýsingar til þriðja aðila þannig hægt sé að meta greiðslugetu umsækjanda/umsækjenda. Lausnin er unnin í samstarfi við Creditinfo og byggir meðal annars á lánshæfismatsútreikningum þeirra.

Sjálfvirkni greiðslumat

Nýr í viðskipti

Í janúar fór Nýr í viðskipti í loftið. Þar geta einstaklingar með íslenska kennitölu og rafræn skilríki stofnað til viðskipta á einfaldan og þægilegan hátt. Hægt er að stofna bankareikning, sækja um debet- og kreditkort og hefja sparnað á aðeins nokkrum mínútum. Hönnun lausnarinnar tók mið af því hvernig vefverslanir eru uppbyggðar, þar sem viðskiptavinir safna vörum í innkaupakörfu áður en kaupin eru frágengin. Lausnin er að öllu leyti rafræn og sjálfvirk. Allir samningar í ferlinu eru undirritaðir rafrænt og þeir ásamt öðrum skjölum vistast sjálfkrafa í rafrænu skjalaveri. Reikningar og kort stofnast sjálfkrafa í kerfum bankans.

Nýr í viðskipti

Nýtt Íslandsbanka app

Í nóvember var nýtt Íslandsbanka app sett í loftið fyrir Apple notendur en Android útgáfa kemur út á fyrsta ársfjórðungi 2020. Í nýja appinu geta viðskiptavinir sinnt öllum helstu bankaviðskiptum og haft yfirsýn yfir greiðslukort. Með þessu voru tvö öpp sameinuð í eitt, fyrra Íslandsbanka app og Korta app frá Íslandsbanka. Með þessu er kominn grunnur að framtíðar appi sem mun spila stórt hlutverk í bankaþjónustu Íslandsbanka.



Íslandsbanki sem fyrirmynd

Með eldmóð og fagmennsku að leiðarljósi





Stefna Íslandsbanka

Ný stefna Íslandsbanka leggur áherslu á annars vegar að einfalda reksturinn og auka skilvirkni og hins vegar að hugsa stórt til þess að tryggja samkeppnisforskot til framtíðar

Ný stefna

Í upphafi árs 2019 var stefna Íslandsbanka endurskoðuð í samstarfi við alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið Boston Consulting Group. Þetta var fyrsta stóra endurskoðun á stefnu Íslandsbanka frá árinu 2009 en áskoranir í starfsumhverfinu leiddu til þess að bankinn fór í þessa vinnu til að tryggja áframhaldandi þjónustu og verðmætasköpun fyrir alla hagaðila.

Til að styrkja stöðu bankans er nýju stefnunni ætlað að skerpa á aðgreiningu á fjármála- markaði bæði hvað varðar virðissköpun fyrir viðskiptavinum og aðra hagaðila.

Áhersla er á að mynda jafnvægi milli virðissköpunar og aukinnar skilvirkni í núverandi rekstri t.d. með notkun á stafrænni tækni og aðgreiningu með auknu samstarfi við fyrirtæki á Íslandi sem og erlendis.

Einnig mun bankinn leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum hagnýtar nýjungar sem efla lausnaframboðið. Bankinn mun þannig fylgja og leiða nýsköpun á fjármála- markaði ásamt því að auka samstarf við fjártæknifyrirtæki og efla virðiskeðju sína með nýjungum og lausnum sem samræmast fjármálaþjónustu og skapa virði fyrir viðskiptavinum.


Stefnur Íslandsbanka

Úr stefnupíramída í stefnuhús

Með nýrri stefnu bankans sem kynnt var á fyrsta ársfjórðungi 2019 er stefnupíramíðinn leystur af með stefnuhúsi. Nýr sameiginlegur tilgangur bankans í samfélaginu hefur nú verið skilgreindur sem „saman erum við hreyfiafl til góðra verka svo þú náir árangri“ eða í stuttu máli „**hreyfiafl til góðra verka.**“

Einnig hafa ný gildi verið valin fyrir bankann sem eru kjarni fyrirtækjamenningar og móta hegðun og hugarfar starfsmanna: **eldmóður, fagmennska og samvinna.**

Starfsfólk valdi í kosningu á stefnumótunardeginum í mars 2019 að viðhalda sömu framtíðarsýn Íslandsbanka um að vera **#1 í þjónustu** og er hún höfð að leiðarljósi í daglegri starfsemi bankans.



Stefnuverkefni ársins

Skilgreind voru sjö stefnuverkefni til fimm ára sem munu styðja við þann árangur sem bankinn ætlar að ná fram með nýrri stefnu.

Innleiðing fjögurra stefnuverkefna var sett í forgang á árinu 2019 en verkefnin miða öll að því að skerpa fókussinn með aukinni skilvirkni, einföldun og bættu verklagi.



Þjónusta:
hvað og hvernig?

Skerpa á aðgreiningu gagnvart viðskiptavinum og tryggja hnitmiðað vöru- og þjónustuframboð



Rétt verðlagning

Þjóða upp á réttar vörur á réttu verði



Einföld og snjöll

Auka skilvirkni og minnka sóun, styðja við og skerpa á ferlum og skipulagi



Stafrænir stórmeistarar

Bæta verklag við vörustjórn og upplýsingatækniþróun



Hreyfiafl til góðra verka

Stjórn Íslandsbanka samþykkti nýja sjálfbærnistefnu í lok árs 2019 sem styður við hlutverk bankans um að vera hreyfiafl til góðra verka. Stefnan miðar að því að rekstur bankans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi útfrá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS)

Sjálfbærnistefna

Íslandsbanki stefnir á að vera leiðandi fyrirtæki á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Þannig ætlar bankinn að eiga frumkvæði að viðtæku samstarfi um ábyrga viðskiptahætti sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og um leið heimsmarkmið SP.

Sjálfbærnistefnan myndar heildstæðan ramma um starfsemi bankans á sviði sjálfbærni og markar jafnframt stefnu bankans varðandi umhverfismál, ábyrgar lánveitingar, fjárfestingar, innkaup og styrki auk þess að falla að og styðja við aðrar stefnur bankans og innleiðingu sjálfbærni innan áhættustýringar.

Samstarf á sviði sjálfbærni

Íslandsbanki hefur í gegnum tíðina álitid það mikilvægt að taka þátt í alþjóðlegum skuldbindingum sem og að styðja við innlendan samstarfsvettvang á sviði sjálfbærni.



Íslandsbanki er aðili að eftirtöldum samstarfsvettvöngum á sviði sjálfbærni*



Nordic CEOs for a Sustainable Future

Íslandsbanki gerðist aðili að *Nordic CEOs for a Sustainable Future* árið 2018 en það eru samtök stórra fyrirtækja á Norðurlöndunum sem munu vinna sameiginlega að heims- markmiðum SP. Í hópnum eru m.a. forsvarsmenn Equinor, Finnair, Hydro, GSMA, Íslandsbanka, Marel, Posten Norge, SAS, Storebrand, Swedbank, Telenor Group, Telia Company, Vestas og Yara.

Samtökin funduðu á Íslandi í ágúst 2019 með forsætisráðherrum Norðurlanda. Þar var rætt um sameiginlegar áskoranir ríkjanna og fyrirtækja um sjálfbærni, aðgerðir í loftslagsmálum og mikilvægi fjölbreytileika í atvinnulífinu með jafnrétti að leiðarljósi.

Á fundinum kynntu forstjórnir áherslu samtakanna á mikilvægi þess að uppfylla heimsmarkmið SP með bættum viðskiptaháttum og auknu samstarfi einkageirans og hins opinbera. Forstjórar þeirra fyrirtækja sem eiga aðild að samtökunum hafa skuldbundið sig til að taka mið af heimsmarkmiðum SP í starfsemi sinni og ákvörðunartöku. Áhersla á sjálfbærni verður aðlöguð að stefnu fyrirtækjanna og þvert á virðiskeðjur þeirra.



United Nations Principles for Responsible Banking

Íslandsbanki hefur samþykkt að fylgja nýjum viðmiðum SP um ábyrga bankastarfsemi. Þessi viðmið voru þróuð af 30 alþjóðlegum bönkum í samvinnu við *United Nations Environmental Programme - Financial Initiative (UNEP - FI)* og eru þau sex talsins: fylgni, áhrif og markmið, viðskiptavinir, hagsmunaaðilar, stjórnarhættir og menning, gagnsæi og ábyrgðarskylda. Bankinn mun leitast við að innleiða viðmiðin í starfsemi sinni og skýrslugjöf. Ennfremur verður alþjóðlegt samstarf skoðað á þessu sviði.



United Nations Global Compact

United Nations Global Compact

Íslandsbanki hefur fylgt meginreglum Sameinuðu þjóðanna, *UN Global Compact*, um samfélagslega ábyrgð síðan 2009. Reglurnar sem eru 10 talsins á sviði mannréttinda, starfsmannamála, umhverfismála og aðgerða gegn spillingu, setja ákveðinn ramma utan um starfsemi bankans og skilar bankinn árlega framvinduskýrslu til SP.



United Nations Principles for Responsible Investment (UN PRI)

UN PRI eru samtök fjárfesta, sjóðafyrirtækja og greinenda sem hafa það að markmiði að innleiða umhverfis- og samfélagssjónarmið, auk góðra stjórnarháttanna, í ákvarðanatöku við fjárfestingarákvarðanir. Íslandssjóðir hafa verið aðili að *UN PRI* síðan desember 2017.



Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð

Festa var stofnuð árið 2011 af Íslandsbanka, Landsbankanum, Landsvirkjun, Rio Tinto Alcan á Íslandi, Símanum og Össuri. Hlutverk Festu er að auka þekkingu á samfélagsábyrgð fyrirtækja og stofnana til að tileinka sér samfélagslega ábyrga starfshætti og stuðla að aukinni sjálfbærni.



IcelandSIF, samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi

Íslandsbanki var einn af stofnaðilum *IcelandSIF* árið 2017. Tilgangur samtakanna er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærna og ábyrga fjárfestinga og auka umræður um slíkar fjárfestingar.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Markmiðin sem eru sautján talsins grundvallast á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar; efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar. Starfsemi fjármálafyrirtækja snertir marga mismunandi þætti efnahagslífsins og hefur óhjákvæmilega áhrif á flest af markmiðunum

Heimsmarkmiðin virka sem ein heild og styður Íslandsbanki við þau öll. Hins vegar til að skerpa á áherslum sínum hefur bankinn valið að styðja sérstaklega við fjögur þeirra: menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, nýsköpun og uppbyggingu, og aðgerðir í loftslagsmálum.

Íslandsbanki styður góð málefni í nær-umhverfi sínu og á alþjóðavísu, ýmist með beinum styrkjum eða í gegnum samstarf. Leitast er við að styðja sérstaklega við málefni sem hafa skýra tengingu við þau markmið sem bankinn hefur valið að styðja.



Heimsmarkmið SP



Fræðsla

Í áraraðir hefur Íslandsbanki verið leiðandi í fjármálafræðslu og haldið á sjötta hundrað fræðslufundi og erindi undanfarin fimm ár fyrir um 30.000 gesti

Margvísleg erindi

Meðal þess sem boðið var upp á á árinu voru erindi um fjármál við starfslok, íbúðakaup, sparnað og fjárfestingar, fjármögnun og rekstur fyrirtækja og fjárfestingar í myndlist. Auk þess var foreldrum leiðbeint varðandi fjármálafræðslu til barna og fjármálahlið barneigna, flóttafólk upplýst um fjármála- og hagkerfi landsins og fjöldi erinda haldin fyrir skólafólk á öllum aldri. Fjármál Star Wars og Disney, ábyrgar fjárfestingar, nýsköpun, jafnréttismál, sjávarútvegur og ferðaþjónusta voru einnig til umfjöllunar á fundum bankans. Meðal þeirra funda sem boðið var upp á var vel heppnaður fræðslufundur um fjármál við starfslok, sem um 600 gestir sóttu í Hörpu.

Krakkabankinn

Sú ákvörðun var tekin á árinu að hætta að gefa börnum plastmuni í útibúum bankans en auka þess í stað umfang sérstakra við-

burða fyrir börn og barnafjölskyldur. Krakka-bankinn gaf afar góða raun á árinu og á þeim fjölmörgu viðburðum sem boðið var upp á var meðal annars boðið upp á fræðslu til barna en einnig leiksýningar, tónleika og fleira.

Fræðslumyndbönd

Fjölbreytt myndbönd voru framleidd á árinu, meðal annars örskýringar á fjármálatengdu efni á borð við sparnað fyrir fyrstu íbúð og eftirlaun. Í Reynslubankanum deilir fólk í rekstri reynslu sinni og áskorunum og deilir góðum ráðum. Bransasögur hvetja ungt fólk til dáða með skemmtilegum frásögnum fólks sem hefur náð árangri á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins.

Auk þessa hafa helstu fræðslufundir bankans verið festir á myndband og horfðu þúsundir á þá í heild sinni á árinu.



Starfsfólk bankans voru **reglulegir viðmælendur fjölmiðla**



28 greinar um fjármál og fjármálafræðslu birtar í fjölmiðlum



122 fræðsluviðburðir og ríflega **7.000 gestir**



29 fræðslumyndbönd birt á árinu

Skoða myndbönd





Jafnrétti

Íslandsbanki hefur unnið mjög öflugt starf í jafnréttismálum og tóku starfsmenn og stjórnendur virkan þátt í jafnréttisumræðu á árinu

„Svona komst ég til áhrifa“

Bankinn hefur haldið fundi um jafnrétti í fimm ár í röð sem samtals yfir 2.000 gestir hafa sótt. Í ár bar fundurinn yfirskriftina „Svona komst ég til áhrifa“ og héldu Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra og Birna Einarisdóttir bankastjóri erindi. Eftir fylgdu umræður í panel þar sem Ásmundur Tryggvason framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka, Silja Hauksdóttir leikstjóri og Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektr kennslumála og þróunar hjá Háskóla Íslands tóku einnig þátt og sköpuðust fjörugar umræður og mikið af spurningum úr sal.

Jafnlaunagreining

Árið 2018 hlaut Íslandsbanki jafnlaunavottun sem gildir í þrjú ár. Árlega eru framkvæmdar viðhaldsúttektir af vottunaraðila, í nóvember var framkvæmd greining og reyndist launamunur kynjanna miðað við



sambærileg störf 1,14%, sem er vel innan 5% viðmiðunarmarka sem vottunaraðili setur. Launamunur kynjanna hefur lækkað milli mælinga en munurinn mældist 1,9% í fyrra, konur lægri. Stefna bankans er að hafa þennan mun 0%. Einn af styrkleikum bankans er að mikil áhersla er lögð á jafnrétti og að nýta til jafns styrkleika kvenna og



Íslandsbanki er með **jafnlaunavottun 2018-2021**



Rúmlega 400 gestir á fundi um jafnréttismál




karla. Þessar niðurstöður eru til marks um þá áherslu og sýna að jafnlaunakerfi Íslandsbanka styður við að ákvarðanir í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismun.

Mannauðsstefna Íslandsbanka

Jafnt hlutfall kynjanna

Íslandsbanki stefnir að því að hafa sem jafnast hlutfall kynja á sviðum, deildum, nefndum, ráðum og stjórnnum sem og í stjórnendastöðum. Stjórnendur hafa sett sér þau markmið að vinna í því að styrkja enn frekar stöðu kvenna með því að gera framkvæmdaáætlun með tímasettum mælikvörðum.

Kynjahlutfall starfsfólks



Karlar Konur



Jafnvægisvogin

Íslandsbanki hlaut Jafnvægisvog Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) á árinu 2019. Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni sem FKA hefur unnið í samstarfi með forsætisráðuneytinu, Sjóvá, Deloitte, Morgunblaðinu og Pipar/ TBWA með markmið um að kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja verði orðið 40/60 árið 2027.

Jafnvægisvogin 2019

Heimsping kvenleiðtoga

Íslandsbanki var styrktaraðili Heimspings kvenleiðtoga sem var haldið í Reykjavík í nóvember 2019.

Þar tóku þátt kvenleiðtogar frá yfir 80 löndum, úr stjórnámálum, viðskiptum, menningu, vísindum, tækni og af fleiri sviðum þjóðlífsins.

Heimsping kvenleiðtoga



Nýsköpun

Íslandsbanki er stoltur bakhjarl frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi í gegnum Frumkvöðlasjóð Íslandsbanka



Styrkir

Við úthlutun styrkja eru höfð að leiðarljósi þau fjögur heimsmarkmið sem Íslandsbanki hefur ákveðið að styðja við í stefnu sinni. Samtals voru veittir styrkir fyrir 30,5 milljónir króna á árinu 2019 til níu verkefna úr Frumkvöðlasjóði.

Styrkþegar

Stafrænt samstarf

Áframhald var á samstarfi bankans við Háskólann í Reykjavík (HR) um rekstur Fjártækni-seturs sem er vettvangur fyrir nemendur til að geta sérhæft sig bæði í viðskipta- og tölvunarfræði. Markmiðið með samstarfinu er að nýta tækifærin sem felast í breyttu landslagi í bankastarfsemi með því að þróa tækni, þekkingu og hagnýtar þjónustur fyrir bankakerfi framtíðarinnar.

Til að raungera markmiðin vinna teymi frá Íslandsbanka og HR saman að því að þróa lausnir, m.a. hugbúnað, API, þjónustu og útfæra staðfærðar hugmyndir að fjártæknilausnum framtíðarinnar. Á árinu hafa níu nemendur, tveir skiptinemar, fjórir kennarar og fimm B.Sc. verkefnahópar starfað eða komið að Fjártækni-setrinu. Samstarfið við Íslandsbanka gerir HR kleift að ráða nemendur til starfa við rannsóknir og vinna að verkefnum tengdum fjártækni,

án þeirrar arðsemiskröfu og álags sem fylgir slíku starfi á hinum almenna vinnumarkaði.

Sameinaðir kraftar í klasa

Hugmyndafræði klasasamstarfs gengur út á að sameina krafta ólíkra aðila á skipulögðum samstarfsvettvangi og nýta aflið sem þannig skapast sem drifkraft í nýsköpun og þróun.

Íslandsbanki er bakhjarl Íslenska sjávar-klasans sem starfrækir klasasamstarf rúmlega 60 hafsækinna fyrirtækja. Bankinn hefur einnig tekið þátt í uppbyggingu á Íslenska jarðhitaklasanum en kjarni hans er samstarf fjölmargra fyrirtækja sem byggir á þörfum greinarinnar.

Íslandsbanki er jafnframt einn af stofnaðilum Íslenska ferðaklasans sem er verkefnadrifið samstarf ólíkra fyrirtækja í ferðaþjónustu. Bankinn er lánveitandi til ferðaþjónustunnar og vill hafa áhrif á að Ísland verði að ákjósanlegum áfangastað í framtíðinni með sjálfbærni að leiðarljósi. Í anda níunda heimsmarkmiðs SP um nýsköpun og uppbyggingu er bankinn tryggur samstarfsfélagi.



Loftslagsmál

Íslandsbanki hefur mælt kolefnisspor sitt og sett sér markmið um að minnka það og kolefnisjafna á árinu 2020

Sjálfbærnimarkmið

Íslandsbanki hefur í samstarfi við ráðgjafar-fyrirtækið CIRCULAR Solutions mælt kolefnisspor bankans fyrir árin 2017–2019. Mælingin er metnaðarfull og tekur til bæði beinna og óbeinna áhrifa tengdri starfsemi bankans (sjá nánar í kafla sjálfbærniuppgjör Íslandsbanka). Framundan er vinna við að setja bankanum sjálfbærnimarkmið á árinu 2020. Í kjölfarið mun bankinn grípa til aðgerða við að minnka kolefnissporið. Þá mun bankinn velja leiðir til að kolefnisjafna þann hluta starfseminnar sem ekki er hægt að minnka í samstarfi við innlenda og erlenda aðila.

Grænn fjárfestingarsjóður

Íslandssjóðir hf, dótturfélag Íslandsbanka rekur eina græna fjárfestingarsjóðinn á Íslandi IS Græn skuldabréf sem stofnaður var árið 2018. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum sem ætlað er að hafa jákvæð áhrif

á umhverfi og samfélag, til dæmis með fjármögnun verkefna sem draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Hjálparhönd

Íslandsbanki býður starfsmönnum sínum að leggja sitt af mörkum til góðgerðamála. Starfsmenn bankans geta varið einum



Um 330 starfsmenn tóku þátt í Hjálparhönd á árinu og studdu þannig við mörg af heimsmarkmiðum SP

vinnudegi á ári í þágu góðs málefni og velja sjálfir það málefni sem þeir vilja veita liðsinni. Að þessu sinni lögðu um 330 starfsmenn fram hjálparhönd og fór m.a. hópur úr fjárhagsdeild í Hekkluskóga og plantaði um 6.000 birkitrjám og styrkti þar með um leið við markmiðið um aðgerðir í loftslagsmálum.





Rauði krossinn

Hjálparstarf í Afríku

Íslandsbanki styrkir alþjóðlegt hjálparstarf Rauða krossins með stuðningi við nokkur mikilvæg verkefni í Afríku

Með þessu leggur Íslandsbanki sitt af mörkum til að styðja við heimsmarkmið SP.

Brúun hins stafræna bils

Í verkefninu Brúun hins stafræna bils vinnur Rauði krossinn með landsfélögum Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Afríku við að bæta þekkingu og búnað í upplýsingatækni og efla getu félaganna til að nýta hana við hjálparstarf sitt. Á árinu 2019 fóru starfsmenn bankans þeir Halldór Gíslason og Bjarni Sigurðsson í nokkrar ferðir til Afríku. Halldór fór til Gana, Kenía, Síerra Leóne og Úganda og saman fóru þeir Bjarni og Halldór til Malaví. Verkefnin í löndunum voru fjölbreytt og gerðu þeir Halldór og Bjarni m.a. tækniúttekt á svæðisskrifstofum Malaví þar sem flóð höfðu myndast eftir að fellibylur hafði gengið yfir. Í Úganda aðstoðaði Halldór við æfingu þar sem náttúruhamfarir voru sviðsettar og áttu þátttakendur að fara á hamfarasvæðin og setja upp internet innviði



til að koma á samskiptum við umheiminn. Það er mikilvægt að geta komið upp boðleiðum sem fyrst svo að ríkisstjórn og hjálparstofnanir geta brugðist rétt við til að aðstoða fólkið á hamfarasvæðunum.

Aðstoð við valdeflingu kvenna

Í öðru samstarfsverkefni með Rauða krossinum gerði starfsmaður frá áhættustýringu bankans, Kristján Rúnar Kristjánsson, fjárhagsúttekt á samstarfverkefni kanadíska, íslenska og úgandíska Rauða krossins í flóttamannabyggðum í Úganda við landamæri Suður-Súdan. Þar hefur áherslan verið á sálræna fyrstu hjálp, valdeflingu kvenna og fræðslu varðandi lýðheilsu. Til þess að hvetja barnshafandi konur til að nýta sér meðgönguvernd og þjónustu á fæðingarheimilum er nýjum mæðrum færð gjöf (e. mama-kit) sem inniheldur sápur, handklæði, dömubindi, nærbuxur og fleira sem kemur að góðum notum stuttu eftir barnsburð. Til að sporna við spillingu þarf að fara eftir ströngum skilyrðum við innkaup á vörum fyrir hjálparstarf og fólst hlutverk Kristjáns m.a. í því að hafa umsjón með skrásetningu til að geta stemmt reikninga af við afhentar vörur og í skýrslugjöf til þeirra sem upphaflega létu fjármuni af hendi rakna í þetta verkefni.





Áheitamet slegið

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka, stærsta góðgerðarsöfnun ársins

Í ár söfnuðu hlauparar 167 milljónum króna til 181 góðgerðafélags sem er nýtt met en í fyrra söfnuðust 157 milljónir króna sem var líka met. Heildarupphæð áheita sem hafa safnast í tengslum við Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka frá því áheitasöfnun hófst árið 2006 er nú komin í tæpan milljarð króna.

Þátttakendur í hlaupinu voru um 14.000 í ár og hafa aldrei eins margir tekið þátt í 10 km og 3 km hlaupi. Hlaupið er orðið að lykilfjármögnunarviðburði fyrir fjölmörg góðgerðarfélag sem um leið styðja við mörg af heimsmarkmiðunum.

Íslandsbanki er stoltur af stuðningi sínum við hlaupið og íslensk góðgerðafélög.

Góðgerðafélög

Áheitamet



Nýtt met í áheitum og söfnuðust **167 milljónir króna**



Einn **stærsti fjáröflunarviðburður góðgerðarfélaga** sem um leið styðja við mörg af heimsmarkmiðum SP





Sjálfbærniuppgjör Íslandsbanka

Íslandsbanki birtir í fyrsta skipti ítarlegar upplýsingar um áhrif starfsemi sinnar á umhverfið, félagsmál og stjórnarhætti (UFS)

Mælingin er gerð í samstarfi við ráðgjafar-fyrirtækið CIRCULAR Solutions og skoðar samspil allra þessara þátta við efnahag bankans í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq ESG, viðeigandi mælikvarða GRI, leiðbeiningar UN Global Compact og tengsl við heimsmarkmið SP. Þá gengur bankinn lengra og birtir fleiri mælikvarða sem snúa sérstaklega að starfsemi fjármálastofnana. Loftslagsbreytingar hafa áhrif á starfsemi bankans, bæði í virðiskeðju og á fjárfestingar bankans. Bankinn hefur einnig bein og óbein áhrif á loftslagsbreytingar í gegnum starfsemi sína og í gegnum þær fjármálaafurðir sem bankinn býður upp á. Áhrifa bankans á félagsmál gætir þá mest þegar kemur að mannauði bankans og félagslegum áhrifum vegna vöruframboðs hans. Þá er mikilvægt að bankinn leggi mikla áherslu á

að stjórnarhættir séu til fyrirmyndar og að stafræn öryggismál og ferlar séu eins og best verði á kosið. Markmið bankans er að skilja þessa þætti til hlítar í gegnum alla sína virðiskeðju og stýra þeim til að lágmarka áhættu í rekstri sínum.

Í aðdraganda mælinga var framkvæmd könnun á meðal starfsfólks um ferðavenjur til og frá vinnu, flugferðir innan sem utanlands voru kortlagðar og greining var gerð á kaupum á aðföngum (dæmi um þetta er tölvu- og skrifstofubúnaður). Bankinn hefur einnig hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndar fyrirtæki í stjórnarháttum og sett sér nýjar siðareglur fyrir starfsfólk og stjórn bankans.

UFS viðmið

Með þessu móti hefur bankinn skapað greinargott yfirlit yfir helstu UFS þætti sem snúa að starfsemi hans. Bankinn hefur einnig hafið ferli við að greina lánasafn bankans og fjárfestingar út frá UFS þáttum.

Helstu niðurstöður mælinga sýna að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri Íslandsbanka hefur haldist nokkuð stöðug á undanförunum árum og er langmest losun bankans óbein undir umfangi 3 (sjá töflu). Þar vega þyngst flugferðir starfsfólks, samgöngur starfsfólks til og frá vinnu og kaup á aðföngum tengd rekstri bankans.

Kynjahlutföll innan bankans eru nokkuð jöfn og er t.d. hlutfall stjórnenda og milli-stjórnenda jafnt. Í fyrra hlaut Íslandsbanki jafnlaunavottun sem gildir í þrjú ár og á árinu 2019 var framkvæmd greining sem sýndi að launamunur kynjanna miðað við sambærileg störf var 1,14%. Stjórn bankans var skipuð fjórum karlmönnum og þremur konum á árinu 2019 sem er í samræmi við lög um jöfn kynjahlutföll.

Helstu atriði ársins tengd sjálfbærni





Umhverfi

Nánar

1.272 tCO₂i

Heildarkolefnislosun bankans

6.743 MWst

Heildarmagn orkunotkunar

Samsetning orku:

96%

endurnýjanleg orka

Nasdaq ¹	GRI ²	Heimsmarkmið SP		Eining	2019	2018	2017
E1	305-1, 305-2, 305-3	13	LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA				
E1.1			Losun gróðurhúsalofttegunda, umfang 1	tCO ₂ i	80,3	74,4	96,1
E1.2			Losun gróðurhúsalofttegunda, umfang 2	tCO ₂ i	36,9	30,6	29,7
E1.3			Losun gróðurhúsalofttegunda, umfang 3	tCO ₂ i	1.155	1.151	1.162
E2	305-4	13	LOSUNARKRÆFNI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA				
E2.1			Losun gróðurhúsalofttegunda per milljón í hagnað	tCO ₂ i/ISKm	0,15	0,12	0,1
E3	302-1, 302-2		ORKUNOTKUN				
E3.1			Heildarmagn beinnar orkunotkunar	MWst	277	255	340
E3.2			Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	MWst	6.466	6.098	6.513
E4	302-3		ORKUKRÆFNI				
			Bein heildarorkunotkun per starfsmann	MWst / Starfsmann	7,5	6,8	6,9
E5	302-1		SAMSETNING ORKU				
			Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu				
			— Jarðefnaeldsneyti	%	4%	4%	5%
			— Endurnýjanleg orka	%	96%	96%	95%
E6	303-5		VATNSNOTKUN				
E6.1			Heildarmagn af vatni sem er notað	m ³	142.447	120.589	129.572
E7	103-2		UMHVERFISSTARFSEMI				
E7.1			Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já	Já	Já
E7.2			Hefur fyrirtækið sett sér stefnu um meðhöndlun úrgangs?	Já/Nei	Já	Já	Já
E7.3			Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Er í innleiðingu	Nei	Nei
E8	102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31	13	LOFTSLAGSEFTIRLIT / STJÓRN				
			Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftlagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
E9	102-10, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31	13	LOFTSLAGSEFTIRLIT / STJÓRNENDUR				
			Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftlagstengdri áhættu?	Já/Nei	Já	Nei	Nei
E10		9	MILDUN LOFTSLAGSÁHÆTTU				
			Heildarfrármagn sem árlega er fjárfest í loftlagstengdum innviðum, viðnámsþróttur og vörupróun	-	0	0	0
ANNAÐ							
			Hefur fyrirtækið sett af stað fjármálatengdar vörur eða framtök tengd sjálfbærni?	Já/Nei	Já	Já	Nei
			Eru UFS þættir teknir til greina við fjárfestingaákvæðanir?	Já/Nei	Já	Já	Já
			Byður fyrirtækið UFS tengd lán eða vörur?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
			Lýsing á notkun UFS þátta í lánveitingum	Já/Nei	Horft er til sjálfbærniþátta við afgreiðslu fyrirtækjalána	Horft er til sjálfbærniþátta við afgreiðslu fyrirtækjalána	Horft er til sjálfbærniþátta við afgreiðslu fyrirtækjalána
			Hefur fyrirtækið skuldbundið sig að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	Já/Nei	Já	Já	Já
			Ef já, eru markmiðin aðgengileg almenning?	Já/Nei	Verða birt 1H20	Nei	Nei



Félagslegir þættir

Nánar

1,14% 
Launamunur kynjanna miðað við sambærileg störf

50% 
Kynjahlutfall í efsta starfsmannalagi

-10,2% 
Fækkun starfsfólks árið 2019

Nasdaq ¹	GRI ²	Heimsmarkmið SP	Eining	2019	2018	2017
S1	102-38	LAUNAHLUTFALL FORSTJÓRA				
S1.1		Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi		4,5	6,5	6
S1.2		Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtæki þínu í skýrslugjöf til eftirlitsaðila?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
S2	405-2	5 LAUNAMUNUR KYNJA				
		Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna		1,3	1,3	1,3
S3	401-1B	STARFSMANNAVELTA				
S3.1		Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi, í prósentum	%	-10,2%	-4,2%	-6,3%
S3.2		Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi	%	-3,0%	-29,0%	-
S3.3		Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa	%	-12,5%	-27,3%	-
S4	102-8, 405-1	5 KYNJAJAFNRÉTTI				
S4.1		Kynjahlutfall innan fyrirtækisins	%			
		- Karlar		40%	39%	36%
		- Konur		60%	61%	64%
S4.2		Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan	%			
		- Karlar		39%	38%	34,5%
		- Konur		61%	62%	65,5%
S4.3		Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar	%			
		- Karlar		50%	45%	47%
		- Konur		50%	55%	53%
S5	102-8	HLUTFALL TÍMABUNDINNA STARFSKRAFTA				
S5.1		Hlutfall starfsmanna í hlutastarfi	%	8,9%	8,8%	11,7%
S5.2		Hlutfall þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf?	%	5%	5,5%	7,1%
S6	103-2, 406-1	5 AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN				
		Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	Já/Nei	Já	Já	Já
S7	403-9	VINNUSLYSATÍÐNI				
		Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslins í prósentum	%	0%	0%	0%
S8	103-2	HEILSA OG ÖRYGGI				
		Fylgir fyrirtækið þitt vinnuverndarstefnu sem tekur til heilsu og öryggismála?	Já/Nei	Já	Já	Já
S9	103-2, 409-1, 408-1	BARNA- OG NAUÐUNGARVINNA				
S9.1		Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já	Já	Já
S9.2		Ef Já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Já	Já	Já
S10	103-2	4 MANNRÉTTINDI				
S10.1		Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já	Já	Já
S10.2		Ef Já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Já	Já	Já
ANNAÐ						
		Hefur fyrirtækið ferla fyrir uppljóstranir?	Já/Nei	Já	Já	Já
		Er fyrirtækið, og vörur þess, aðgengilegt fyrir jaðarhópa, lítil fyrirtæki eða samfélög?	Já/Nei	Já	Já	Já
		Er stjórnendum gefin ábyrgð á siðferðislegri markaðssetningu og orðsporsáættu?	Já/Nei	Já	Já	Já
		Er til áætlun um mannauðspróun, sem inniheldur markmið um nýliðun, þróun og starfs-mannaveltu?	Já/Nei	Já	Já	Já



Stjórnarhættir

Nánar

Fjöldi kvenna í stjórn

3 af 7

67% ☆

Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í stjórn

92%

starfsfólks búið að samþykkja siðareglur bankans í lok árs 2019

Nasdaq ¹	GRI ²	Heimsmarkmið SP	Eining	2019	2018	2017
G1	405-1, 102-23, 102-22	KYNJAHLUTFALL Í STJÓRN				
G1.1		Fjöldi karlmannna í stjórn	Fjöldi	4	3	3
		Fjöldi kvenna í stjórn	Fjöldi	3	4	4
G1.2		Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum	%	67%	100%	67%
G2		ÓHÆÐI STJÓRNAR				
G2.1		Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já, skv. 18 grein starfsreglu stjórnar er for- stjóra ekki heimilt nema með sérstöku leyfi.	Já, skv. 18 grein starfsreglu stjórnar er for- stjóra ekki heimilt nema með sérstöku leyfi.	Já, skv. 18 grein starfsreglu stjórnar er for- stjóra ekki heimilt nema með sérstöku leyfi.
G2.2		Óháðir stjórnarmenn	Fjöldi	7	7	7
G3	102-35	KAUPAUKAR				
		Fá framkvæmdarstjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G4	102-41	KJARASAMNINGAR				
		Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	100%	100%	100%
G5	102-16, 103-2, 308-2	SIÐAREGLUR BIRGJA				
G5.1		Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G5.2		Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum	%	-	-	-
G6	102-16, 103-2	SIÐFERÐI OG AÐGERÐIR GEGN SPILLINGU				
G6.1		Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já	Já	Já
G6.2		Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni	%	Í lok árs voru gerðar nýjar reglur og 92% búin að samþykkja um áramót.	100%	100%
G7	418	PERSÓNUVERND				
G7.1		Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já/Nei	Já	Já	Já
G7.2		Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já	Já	Já
G8		SJÁLFBÆRNISKÝRSLA				
G8.1		Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu og miðað við hvaða staðla?	Já/Nei	Já, Nasdaq og GRI	Já, Global Compact	Já, Global Compact
G8.2		Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
G9		STARFSVENJUR VID UPPLÝSINGAGJÖF				
G9.1		Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Já, UN Global Compact	Já, UN Global Compact	Já, UN Global Compact
G9.2		Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já/Nei	Já, 4,5,9,13	Nei	Nei
G9.3		Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei

¹<https://www.nasdaq.com/ESG-Guide>
²<https://www.globalreporting.org/Pages/default.aspx>

Stjórnarhættir frh.

Nánar

Nasdaq ¹	GRI ²	Heimsmarkmið SP		Eining	2019	2018	2017
G10	102-56		ENDURSKOÐUN/VOTTUN YTRI AÐILA				
			Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila?	Já/Nei	Já, CIRCULAR Solutions	Nei	Nei
ANNAÐ							
			Hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt stefnu varðandi pólitíska þátttöku?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
			Hefur fyrirtækið skoðað UFS áhættu tengda ólíklegum en stórbrotnum atburðum?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
			Hefur fyrirtækið skoðað langtímaáhættu tengda UFS þáttum?	Já/Nei	Já	Nei	Nei
			Hver eru réttindi hluthafa?	-	Samþykktir bankans kveða á um réttindi hluthafa Nánar	Samþykktir bankans kveða á um réttindi hluthafa Nánar	Samþykktir bankans kveða á um réttindi hluthafa Nánar
			Eru kaupaukar til staðar og eru þeir tengdir UFS frammistöðu?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
			Hvernig er uppsetning endurskoðunarnefndar?	-	Nánar	Nánar	Nánar
			Er þóknun endurskoðenda opinber?	Já/Nei	Já	Já	Já
	4,5,9,13		Hvaða skuldbindingar, eða sáttmála hefur fyrirtækið gengist undir tengt UFS málum?	-	UN GC, UN PRB, Nordic CEOs, Loftslagsmarkmið Festu og Rvíkborgar, UN PRI (Íslandssjóðir)	UN GC, UN PRB, Nordic CEOs, Loftslagsmarkmið Festu og Rvíkborgar, UN PRI (Íslandssjóðir)	UN GC, UN PRB, Nordic CEOs, Loftslagsmarkmið Festu og Rvíkborgar, UN PRI (Íslandssjóðir)



Góðir stjórnarhættir

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Á hverju ári gerir Íslandsbanki úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Gerð er nánari grein fyrir stjórnarháttum bankans í stjórnarháttayfirlýsingu.

Stjórnarháttayfirlýsing

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Íslandsbanki hlaut fyrst viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í mars 2014 frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Viðurkenningin hefur verið endurnýjuð árlega síðan.

Ákvarðanatökulykill

Íslandsbanki hefur samþykkt svokallaðan ákvarðanatökulykil, sem kortleggur skilyrði fyrir öllum meiriháttar ákvörðunum innan bankans. Lykilinn er liður í að bæta ákvarðanatöku og auka þar með traust hagsmunaaðila til bankans. Ákvarðanatökulykillinn setur ákveðin skilyrði og mælir fyrir um tiltekið ferli fyrir töku meiriháttar ákvarðana.

Stjórnarhættir í stöðugri þróun

Sem hluti af sjálfbærnistefnu bankans hefur stjórn samþykkt stefnu um góða stjórnarhætti sem felur í sér skuldbindingu bankans að hlíta viðeigandi reglum um stjórnarhætti sem í gildi eru á hverjum tíma. Stjórnarhættir bankans eru þannig í stöðugri þróun

Samkeppnisréttaráætlun

Stjórn Íslandsbanka uppfærði á árinu samkeppnisréttaráætlun bankans og dótturfélaga hans. Það er stefna bankans að ástunda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem hann starfar og starfsemin samrýmist þeim skyldum sem leiða af samkeppnislögum á hverjum tíma.

Almenn eigendastefna Íslandsbanka

Markmið stefnunnar er að skýra áherslu og viðmið bankans um stjórnarhætti sem eiganda í félögum og stuðla þannig að gegnsæi í fjárfestingum og góðum stjórnarháttum félaga og þróun þeirra. Stefnan tekur til dótturfélaga bankans, hvort sem það er í hliðarstarfsemi eða eignarhlutir bankans í ótengdri starfsemi.

Stefna um hagsmunaárekstra

Á árinu samþykkti stjórn nýja stefnu bankans um hagsmunaárekstra. Bankinn leggur ríka áherslu á að allir starfsmenn bankans séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum hvað starf þeirra varðar og gripi til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar í starfsemi bankans hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina.

Starfs- og siðareglur Íslandsbanka

Stjórn bankans hefur samþykkt nýjar starfs- og siðareglur sem ætlað er að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans. Reglurnar gilda um alla starfsemi, starfsmenn, stjórnendur og stjórn bankans á samstæðugrundvelli þar sem við á.

Starfsmenn staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni reglnanna og að skuldbinda sig til að fylgja þeim.

.....

Samkeppnisréttaráætlun


Almenn eigendastefna

Stefna um hagsmunaárekstra

Starfs- og siðareglur

Stjórnskipulag

Stjórnun og yfirráð yfir Íslandsbanka skiptast á milli hluthafa, stjórnar og bankastjóra í samræmi við samþykktir bankans, önnur tilmæli stjórnarinnar og viðeigandi lög og reglur



Samþykktir Íslandsbanka

Samþykktir Íslandsbanka kveða m.a. á um tilgang bankans, hlutafé, hluthafafundi, kosningu stjórnar og skyldur hennar, sem og hvernig megi breyta samþykktum bankans.

Samþykktir Íslandsbanka

Eignarhald bankans

Frá janúar 2016 er bankinn alfarið í eigu íslenska ríkisins. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í samræmi við lög um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009.

Íslandssjóðir

Stjórn og undirnefndir stjórnar

Stjórn Íslandsbanka hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi hans gilda, góða viðskipta- og stjórnarhætti og þær reglur sem stjórn hefur sett um starfsemi bankans

Stjórn Íslandsbanka

Í stjórn bankans sitja sjö einstaklingar, og tveir varamenn, sem kosnir eru á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Nánar er kveðið á um störf stjórnar í starfsreglum stjórnar sem uppfærðar voru í nóvember 2019.

Starfsreglur stjórnar


Undirnefndir stjórnar

Til þess að styðja við þróun, innleiðingu og eftirlit með viðfangsefnum stjórnar sem krefjast aukinnar sérþekkingar eða athygli skipar stjórn sérstakar undirnefndir stjórnar sem starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn.

Nefndirnar eru þrjár og eru allar skipaðar stjórnarmönnum.

- Endurskoðunarnefnd
- Stjórnarháttá-, starfskjara- og mannauðsnefnd
- Áhættunefnd stjórnar

Undirnefndir stjórnar



Stjórn bankans

Nánar um stjórn



Friðrik Sophusson

Formaður stjórnar frá janúar 2010



Anna Þórðardóttir

Stjórnarseta frá apríl 2016



Auður Finnbogadóttir

Stjórnarseta frá apríl 2016



Árni Stefánsson

Stjórnarseta frá apríl 2016



Hallgrímur Snorrason

Stjórnarseta frá apríl 2016



Heiðrún Jónsdóttir

Stjórnarseta frá apríl 2016



Tómas Már Sigurðsson

Varaformaður stjórnar frá mars 2019

Bankastjóri og ráðgefandi nefndir

Bankastjóri ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi bankans sé, á hverjum tíma, í samræmi við samþykktir bankans, samþykktu stefnu, fyrirmæli stjórnar og viðeigandi lög. Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans og skipar nefndarmenn í ráðgefandi nefndir bankastjóra

Framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd teljast til stefnumótunarnefnda og taka lykilákvæðanir er varða innleiðingu á þeirri stefnu sem mörkuð er af stjórn. Í þeim eiga sæti allir framkvæmdastjórar bankans auk annarra stjórnenda sem skipaðir eru af bankastjóra.

Framkvæmdastjórn skal hafa yfirsýn og samhæfa lykilkætti í starfsemi Íslandsbanka og fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum bankans sem bankastjóri felur henni í samræmi við stefnu, markmið og áhættuvilja stjórnar. Í framkvæmdastjórn bankans sitja sjö einstaklingar, að bankastjóra meðtöldum.

Áhættustefnunefnd tekur lykilákvæðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan ramma yfirlýsingar stjórnar um áhættuvilja.

Viðskiptanefndir bankans taka afstöðu til einstakra viðskipta- eða rekstrarerinda í samræmi við stefnu, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Viðskiptanefndir bankans eru **yfirlánanefnd, efnahagsnefnd, fjárfestingarráð og rekstrar- og öryggisnefnd.**



Framkvæmdastjórn

Nánar um framkvæmdastjórn



Birna Einarsdóttir

Bankastjóri Íslandsbanka
frá október 2008



Ásmundur Tryggvason

Framkvæmdastjóri Fyrirtækja og
fjárfesta frá janúar 2019



Guðmundur Kristinn Birgisson

Framkvæmdastjóri Áhættustýringar
frá október 2018



Jón Guðni Ómarsson

Framkvæmdastjóri Fjármála
frá október 2011



Sigríður Hrefna Hrafnskelsdóttir

Framkvæmdastjóri Einstaklinga
frá maí 2017



Ríaan Dreyer

Framkvæmdastjóri Upplýsingatækni
frá september 2019



Una Steinsdóttir

Framkvæmdastjóri Viðskiptabanka
frá maí 2017



Fjármál og fjármögnun





Farsælt ár á skuldabréfamörkuðum

„Arðsemi af reglulegri starfsemi var 6,6% og er það undir markmiðum ársins um 8–10% arðsemi, en ásættanlegt í ljósi aðstæðna í efnahagslífinu. Íslandsbanki gaf út fyrsta almenna skuldabréf bankans í íslenskum krónum að fjárhæð 3,6 ma. kr. við góðar viðtökur fjárfesta. Auk þess gaf bankinn út vikjandi skuldabréf að fjárhæð 500m. SEK. Lausafjárstaða bankans stendur styrkum fótum, bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum og keypti bankinn til baka skuldabréf í lok árs 2019. Eiginfjárlutfall bankans var 22,4% í lok árs 2019 sem er töluvert umfram kröfur Seðlabankans. Árangur ársins endurspeglar hið góða traust sem Íslandsbanki hefur byggt upp hjá fjárfestum og er undirstaða sterks grunnrekstrar til framtíðar.“

Jón Guðni Ómarsson
Fjármálastjóri

Fjármál og fjármögnun

Rekstur Íslandsbanka á árinu 2019 gekk ágætlega og góður vöxtur var í út- og innlánasafni bankans.

Jafnframt hækkuðu þóknana- og vaxtatekjur en rekstur eins af dóttur- félögum bankans hafði neikvæð áhrif á afkomu samstæðunnar. Efnahagur bankans stendur traustum fótum og mun Íslandsbanki áfram hafa getu til að styðja við viðskiptavinum bankans til vaxtar. Seðlabankinn lækkaði eiginfjárkröfu Íslandsbanka á árinu sem er rakið til lægri áhættu í rekstri bankans. Arðsemi og eiginfjárstaða munu þó hafa áhrif á lánavöxt til framtíðar.

Hækkun á heildartekjum milli ára

Heildartekjur hækkuðu um 7,8% milli ára og námu 48,5 ma. kr. á árinu sem skýrist aðallega af hærri vaxta- og þóknatekjum.

Hreinar vaxtatekjur voru 33,7 ma. kr. og jukust um 5,4% milli ára sem skýrist aðallega af útlánavexti. Vaxtamunur var 2,8% (2018: 2,9%). Þess er vænst að vaxtamunur haldist rétt undir 3,0% til skamms og meðallangs tíma.

Hreinar þóknatekjur voru 13,4 ma. kr. samanborið við 12,2 ma. kr. á sama tímabili í

fyrri sem er hækkun um 9,3% milli ára. Skýrist þetta meðal annars af hærri þóknatekjum hjá dótturfyrirtækjum bankans sem og meiri umsvifum í gjaldeyris- og verðbréfamiðlun sem og fyrirtækjaráðgjöf.

Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknatekjur) mynduðu 97% af heildarrekstrartekjum fyrir árið 2019. Bankinn leggur áfram ríka áherslu á að viðhalda sterkum grunntekjum og stöðugu tekjustreymi til lengri tíma.

Hrein fjármagnsgjöld voru 817 m.kr. á árinu 2019, samanborið við 962 m. kr. á árinu 2018. Helstu þættir gjaldfærslu á árinu 2019 voru tap á veltubók verðbréfa og niðurfærsla eigna í fjárfestingarbók.


Aðrar rekstrartekjur námu 2,1 ma. kr. á árinu 2019, samanborið við 1,8 ma. kr. árið 2018 og eru aðallega tilkomnar vegna samkomulags bankans við gamla Byr vegna ágreinings um virði hluta útlánasafns þess síðarnefnda við yfirtöku Íslandsbanka á Byr árið 2011. Einnig var bakfært áður gjaldfært framlag vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda (TIF) þar sem bankinn telur að hann sé ekki skyldugur til að greiða skuldbindingu vegna ársins 2010.

Kostnaðarlutfall fer lækkandi

Stjórnunarkostnaður jókst um 457 m.kr. á árinu sem samsvarar 1,7% hækkun milli tímabila. Hækkunin stafar af launakostnaði vegna starfsloka sem áttu sér stað á árinu 2019 sem nam 805 m.kr og aukinna afskrifta vegna grunnkerfa.

Fjöldi starfsmanna í móðurfélagi fyrir utan árstíðabundna starfsmenn var 749 í lok ársins (2018: 834) og 984 hjá samstæðu (2018: 1.075). Vegna starfsloka sem áttu sér á árinu 2019 er þess vænst að launakostnaður lækki

Fjöldi starfsfólks í móðurfélagi



á árinu 2020. Á síðastliðnum fimm árum hefur stöðugildum í móðurfélagi fækkað um 169.

Kostnaðarlutfall samstæðu var 62,4% á árinu 2019 samanborið við 66,3% á árinu 2018 en bankaskattur og einskiptistekjur eru undanskilin við útreikning kostnaðarlutfalls. Kostnaðarlutfall móðurfélags var 57,1% samanborið við 60,4% á árinu 2018.

Tap af aflagðri starfsemi eftir skatta var 125 m.kr. árið 2019 samanborið við 912 m.kr. hagnað árið 2018. Tapið er tilkomið vegna lækkunar á verðmati á fullnustueignum.

Neikvæð virðisbreyting útlána endurspeglar breyttar efnahagshorfur

Hrein virðisbreyting útlána var neikvæð um 3.663 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 1.584

m.kr. jákvæða virðisbreytingu á árinu 2018. Virðisbreytingin 2019 er að mestu tilkomin vegna aukinnar virðisrýrnunar hjá tilteknum viðskiptavinum, versnandi efnahagshorfa og óhagstæðrar niðurstöðu í dómsmáli. Virðisbreyting útlána á árinu 2019 var í heildina í samræmi við væntingar, þó heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir.


Skattar og gjöld hafa áfram mikil áhrif á hagnað og arðgreiðslugetu

Tekjuskattur tímabilsins var 3,7 ma. kr. samanborið við 4,7 ma. kr. árið 2018. Virkur tekjuskattur var 30,1%, samanborið við 32,7% árið 2018. Bankaskatturinn var 3,5 ma.kr. árið 2019 samanborið við 3,3 ma.kr. árið 2018. Bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Seðlabankans, til Umboðsmanns skuldara, fjársýsluskatt og tryggingagjald vegna starfsfólks. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á árinu 2019 var 936 m.kr. sem er lækkun um 237 m.kr. frá fyrra ári. Heildarskattar og gjöld voru 10,3 ma. kr. á árinu 2019 samanborið við 11,4 ma. kr. 2018.

Með breytingu á lögum nr. 155/2010 í desember 2019 var lækkun sérstaks skatt á fjármálafyrirtæki samþykkt. Mun bankaskattur lækka línulega úr núverandi 0,376% fram til



Hagnaður eftir skatta (ma.kr.)




ársins 2023 þegar skatturinn verður 0,145%. Þrátt fyrir þessa lækkun ber fjármálagæirinn á Íslandi enn mjög háa skattbyrði, bæði í samanburði við aðra geira á Íslandi og í samanburði við evrópskra banka.

Lækkun á hagnaði markast af neikvæðri virðisbreytingu útlána

Hagnaður eftir skatta var 8,5 ma. kr. (2018: 10,6 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár á árinu var 4,8% á ársgrundvelli (2018: 6,1%). Hagnaður af reglulegri starfsemi var 10,5 ma. kr. (2018: 12,0 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 6,6% á ársgrundvelli

Arðsemi af reglulegri starfsemi (m.v. 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1))*



samanborið við 8,0% árið 2018. Hagnaður af reglulegri starfsemi dróst saman um 1,5 ma. kr. milli ára sem skýrist af aukinni virðisrýrnun útlána.

Arðsemi bankans er í takt við áætlun bankans en undir langtíamarkmiðum. Arðsemismarkmið bankans er eftir sem áður áhættulausir vextir að viðbættum 4-6%. Miðað við meðaltal áhættulausra vaxta á árinu 2019 væri markmiðið 7,7-9,7%. Til þess að ná markmiði um arðsemi var ráðist í ýmsar aðgerðir á árinu 2019. Meðal annars var mörkuð ný stefna fyrir bankann þar sem áfram verður unnið að einföldun í rekstri.

*Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af CET1 16% eigin fé, leiðréttur fyrir áhættulausum vöxtum umfram eigð fé.


Efnahagsreikningur

Eignir – áframhaldandi vöxtur útlána til viðskiptavina

Heildareignir jukust um 6,1% á árinu 2019 í 1.199 ma. kr. Útlán til viðskiptavina jukust um 6,3% eða um 53,0 ma. kr. Útlánaaukningin var þvert á viðskiptaeiningar bankans en mest til stærri fyrirtækja. Húsnæðislán jukust um 32,2 ma. kr. frá árslokum 2018. Ný útlán voru 226 ma. kr. á tímabilinu samanborið við 239 ma. kr. á sama tíma í fyrra sem er 5,7% lækkun. Útlán til ferðapjónustu hafa lækkað lítillega og eru nú 10% af vel dreifðu heildarlánasafni.

Vöxtur útlána var meiri á fyrri hluta ársins eða 5,7% en rólegri á þeim síðari, 0,6%. Heildarvöxtur útlána var 6,3% sem er umfram 0,3% hagvöxt á árinu 2019. Vöxtur útlánasafnsins var fyrst og fremst í íslenskum krónum. Á árinu 2019 var stærri hluti útlána

Útlán til viðskiptavina
(eftir atvinnugreinum 31.12.2019)




fjármagnaður með innlánnum en áður hefur verið.

Hlutfall útlána viðskiptavina á móti innlánnum til viðskiptavina lækkaði í 145,5% í lok árs samanborið við 146,2% í lok árs 2018.

Veð útlána eru almennt traust þar sem íbúða- og atvinnuhúsnæði og skip eru ennþá mikilvægustu tegundir trygginga bankans. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðislánasafns bankans var 62% í lok desember 2019 en var 61% í lok árs 2018. Þetta má að hluta til skýra með því að viðbótalan vegna fyrstu kaupa eru nú talin með sem hluti af húsnæðislánasafninu.

Veðsetningarhlutfall bankans var 18,1% í lok desember 2019 samanborið við 18% í lok árs 2018.

Útlán til viðskiptavina (ma.kr.)



Þrír liðir, handbært fé og innstæður hjá SÍ, skuldabréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana nema samtals u.þ.b. 254 ma. kr. og af því eru 223 ma. kr. laust fé.

Eignasafn bankans sterkt í alþjóðlegum samanburði


Í lok desember 2019 var hlutfall lána með laskað lánshæfi 2,4% hjá Íslandsbanka (2018: 1,7%) miðað við 2,9% vegið meðaltal hjá evrópskum bönkum (miðað við lok september 2019) (2018: 3,4%). Ef miðað er við gæði lánasafns fyrir útlán til viðskiptavina, var vanskilahlutfall 3,0% í lok desember miðað við vergt bókfært virði lána (2018: 2,0%).

Skuldir – farsæl fjármögnun með innlánnum og á markaði

Heildarskuldir námu 1.019 ma. kr. sem er 6,8% hækkun frá fyrra ári. Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu og voru lausafjárhlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.

Í lok árs var lausafjárhlutfall (LCR) 155% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum (144% fyrir móðurfélagið), 325% í erlendum gjaldmiðlum eingöngu og 110% í íslenskum krónum. Hlutfall stöðugrar fjármögnunar

Eiginfjárlutfall (%)




(NSFR) var 119% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum og 156% í erlendum gjaldmiðlum.

Innlán frá viðskiptavinum jukust um 6,8% á árinu í 618 ma. kr. Innlán eru enn sem áður stærsti fjármögnunarliður bankans og er vel fylgst með samþjöppunaráhættu.

Skuldabréfaútgáfa bankans var áfram farsæl á árinu með útgáfu á innlendum víxlum, sértryggðum skuldabréfum og almennum skuldabréfaútgáfum í íslenskum krónum og almenntum skuldabréfum og víkjandi skuldabréfi í erlendum myntum. Útgáfunum er meðal annars ætlað að draga úr áhættu með því að auka fjölbreytni fjármögnunar. Heildarútgáfa sértryggðra skuldabréfa nam 29 ma. kr. á árinu sem var í takt við útgáfuáætlun bankans. Að teknu tilliti til gjalddaga tveggja flokka var nettó útgáfa sértryggðra bréfa um 10 ma. kr. á árinu.

Vogunarlutfall (%)




Bankinn gaf út 300 m. evra skuldabréf í byrjun apríl 2019 með 130 punkta álagi yfir þriggja mánaða millibankavöxtum í evrum. Samhliða útgáfunni keypti bankinn til baka 300 m. evra af 500 m. evra skuldabréfi sem er á gjalddaga árið 2020 með það að markmiði að minnka endurgreiðsluáhættu.

Í júní gaf bankinn út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 500 m. sænskra króna til 10 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5 ár (10NC5). Þetta var þriðja víkjandi skuldabréfaútgáfa Íslandsbanka. Með þessari útgáfu náði bankinn markmiði sínu um útgáfu á Tier 2 skuldabréfum og var þetta mikilvægur áfangi í uppbyggingu á langtíma eiginfjár samsetningu bankans.

Í nóvember gaf bankinn út sína fyrstu almennu skuldabréfaútgáfu í íslenskum krónum er hann gaf út 3,6 milljarða króna jafngreiðslubréf til 5 ára. Skuldabréfið

Heildareignir (ma.kr.)



ber 1 mánaða REIBOR vexti að viðbættu 90 punkta álagi. Útgáfan markar jákvætt skref í þróun og uppbyggingu íslensks verðbréfamarkaðar. Bréfin voru seld í lokuðu útboði til breiðs hóps innlendra fjárfesta.

Í desember nýtti bankinn sér sterka lausafjárstöðu og keypti til baka eigin skuldabréf. Annars vegar keypti bankinn um 142,7m evra af 200m evru skuldabréfi með gjalddaga í september 2020 í skilyrtu endurkaupatilboði og hins vegar skuldabréf að fjárhæð 250m sænskra króna með gjalddaga í febrúar 2020. Við endurkaupin minnkaði endurgreiðsluáhætta bankans umtalsvert.

Eigið fé

Heildar eigið fé bankans nam 180 ma. kr. í lok árs 2019 samanborið við 176,3 ma. kr. í lok árs 2018, þar af er hlutdeild minnihluta 2,4 ma. kr. Á aðalfundi bankans í mars

2019 var samþykkt að greiða 5,3 ma. kr. af hagnaði ársins 2018 í arð til hluthafa í takt við markmið bankans um arðgreiðsluhlutfall.

Eiginfjárlutfall bankans var 22,4% í lok árs 2019 (2018: 22,2%) sem er ívið hærra en langtímamarkmið bankans. Eiginfjárlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 19,8% í lok árs samanborið við 20,3% í árslok 2018. Í október 2019 lækkaði Seðlabankinn heildarkröfu um eiginfjárgrunn úr 19,3% í 18,8% sem er til marks um að dregið hafi úr áhættu í rekstri bankans.

Í ljósi breytinga á eiginfjárröfu og efnahagsumhverfi ákvað bankinn að aðlaga stjórnendaaukann úr 0,5%-1,5% í 0,5-2,0% á árinu. Fyrr á árinu hækkaði Seðlabankinn sveiflujöfnunarauka úr 1,25% í 1,75% og tók sú hækkun gildi í maí 2019. Frekari hækkun á sveiflujöfnunaraukanum tók gildi þann 1. febrúar 2020 og fór hann þá í 2,0%. Eiginfjármarkmið Íslandsbanka er 19,5-21,0% og tekur mið af hækkun sveiflujöfnunarauka um í febrúar.

Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnar eignir sem námu 884,5 ma. kr. í lok árs 2019 eða 73,7% af heildar eignum. Vogunarhlutfallið í lok árs var 14,2% samanborið við 14,6% í lok árs 2018 og telst það hóflegt í alþjóðlegum samanburði.

Stjórn bankans leggur til á aðalfundi bankans að 4,2 ma. kr. af hagnaði ársins 2019 verði greiddir í arð til hluthafa. Greiðslan samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2019 og er í samræmi við langtímastefnu bankans um 40-50% arðgreiðsluhlutfall. Samkvæmt tillögunni má stjórn bankans kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kann að vera lögð fram.

Lánshæfismat

Íslandsbanki er með lánshæfismat frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu S&P Global Ratings og í júlí 2019 staðfesti S&P lánshæfismat Íslandsbanka í BBB+/A-2 en breytti horfum úr stöðugum í neikvæðar.

Í rökstuðningi sínum vísar S&P til þess að Íslandsbanki sé með stöðuga markaðshlutdeild á innlendum markaði og hafi náð góðum árangri á sviði stafrænnar þróunar og upplýsingatækni þar sem hann standi framar en margir erlendir bankar. Bankinn sé jafnframt með sterka lausa- og eiginfjárstöðu auk þess sem lánasafn hans sé traust.

Ástæður S&P fyrir breytingu á horfum má meðal annars rekja til krefjandi rekstrarumhverfis fyrir íslenskar bankastofnanir sem einkennist af kólnandi hagkerfi, lækkandi vaxtaumhverfi, hárrar skattlagningar og ójafnrar samkeppnisstöðu við íslenska lífeyrissjóði en allt þetta hafi leitt til lækkandi arðsemi hjá íslenskum bönkum.

Í janúar 2019 sagði bankinn upp samningi við Fitch Ratings af hagkvæmissjónarmiðum en Fitch hafði í nóvember 2018 staðfest lánshæfismat Íslandsbanka í BBB/F3 með stöðugum horfum.

